



Sterkar Strandir

Skilaboð íbúapings í Strandabyggð

júní 2020



Efnisyfirlit

Samantekt	1	8.2. Unga fólkið.....	21
1. Inngangur.....	3	8.3. Samfélagssetur	22
2. Forgangsröðun	4	8.4. Menntamál	23
3. Hvað við höfum - sérstaða	5	9. Hvað við störfum – Atvinnumál.....	25
3.1. Allskonar sérstaða	5	9.1. Fjölbreytni í atvinnulífi.....	25
3.2. Þjóðtrú.....	6	9.2. Efling fiskveiða	26
5. Hvernig við látum vita af okkur -		9.3. Krabbaveiðar.....	27
markaðssetning	7	9.4. Ferðapjónusta.....	28
5.1. Undir Ægishjálm - Vefverslun og		9.5. Óstaðbundin störf.....	30
þjónustusíða	7	9.6. Sveitamarkaður.....	31
5.2. Markaðssetning og ímynd	9	9.7. Landeldi – ekki sjókvíar.....	32
6. Hvað við bjóðum - Afþreying og lífsgæði	10	10. Hvað við þurfum – Innviðir og stjórnsýsla	33
6.1. Endurhæfingarmiðstöð.....	10	10.1. Vegir, raforka og fjarskipti	33
6.2. Útivist.....	13	10.2. Aldursskipting og húsnæðismál	34
6.3. Sjósport.....	14	10.3. Sameining og samvinna hitaveitna og	
7. Hvers við njótum – Umhverfi og ásýnd	15	sveitarfélaga	35
7.1. Þjóðgarður	15	10.4. Hefur Strandab. efni á að vera til?	36
7.2. Fegrun umhverfis og malbikun.....	16	11. Hvert við stefnum – Strandab. árið 2030	37
7.3. Umhverfivottun Vestfjarða – Tækifæri	18	12. Að lokum.....	41
8. Hver við erum – Mannlíf, menntun og			
menning	19		
8.1. Móttaka nýbúa	19		

Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu í Strandabyggð og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina, eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.

Dagana 12. – 13. júní 2020, var haldið íbúáþing í Félagsheimilinu á Hólmarvík, við upphaf byggðapróunarverkefnis í Strandabyggð. Á þinginu var verkefninu gefið nafnið „Sterkar Strandir“.

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við verkefnisstjórn og verkefnisstjóra.

Ljósmyndir merktar KPH, auk mynda á forsíðu, tók Kristján Þ. Halldórsson, hjá Byggðastofnun og mynd á síðu 2 sem merkt er SLP, tók Sigurður Líndal Þórisson. Aðrar myndir eru frá ILDI.

Um veitingar sáu Sauðfjársetur, Restaurant Galdur og Café Riis og voru þær í boði Byggðastofnunar.

Eftirtalin skipa verkefnisstjórn, sem mun starfa meðan verkefnið stendur, í allt að fjögur ár.

Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu.
Angantýr Ernir Guðmundsson, fulltrúi íbúa.
Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa.
Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.
Jón Jónsson, sveitarfélaginu Strandabyggð.
Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun.
Lína Björg Tryggvadóttir, Vestfjarðastofu.

Verkefnisstjóri er Sigurður Líndal Þórisson.



Samantekt

Strandabyggð er tólfta byggðarlagið sem hefur þátttöku í verkefni Byggðastofnunar, „Brothættar byggðir“. Auk Byggðastofnunar standa sveitarfélagið Strandabyggð, Vestfjarðastofa og íbúar að verkefninu. Verkefnisstjórn sem er skipuð fulltrúum þessara aðila leiðir verkefnið ásamt verkefnisstjóra.

Byggðastofnun samþykkti umsókn sveitarfélagsins um þátttöku í verkefninu í nóvember 2019, en m.a vegna kórónuveirunnar liðu sjö mánuðir þar til boðið var til íbúabings. Verkefnisstjórn sat þó ekki auðum höndum og hóf störf í byrjun árs 2020. Kallað var eftir hugmyndum íbúa um verkefni til að sækja um styrk í svokallaðan Öndvegissjóð og haldinn var kynningarfundur á netinu. Verkefnisstjóri var ráðinn til starfa í maí.

Dagana 12. og 13. júní 2020 var svo boðið til íbúabings og mættu þar liðlega 60 manns sem unnu af kappi og eldmóði. Þátttakendur réðu því um hvað var rætt og forgangsröðuðu málefnum eftir mikilvægi. Á þinginu var verkefninu valið nafnið „Sterkar Strandir“.

Tækifæri Strandabyggðar til framtíðar, felast í sterkri náttúru, magnaðri þjóðtrú og „kyrrðarkrafti“, sem gestir og íbúar geta notið. Sækja þarf fram með sameiginlegri markaðssetningu, ímyndarsköpun og vörubrúun. Auk hugmynda um nýsköpun tengda sérstöðu í náttúru og þjóðtrú, var rætt um fjölbreytni í atvinnulífi, sveitamarkað, eflingu smábátaútgerðar, krabbaveiðar, fiskeldi á landi og óstaðbundin störf, sem reynslan af kórónuveirufaraldrinum sýnir að er raunhæfur kostur. Ferðaþjónusta var fólki ofarlega í huga, með áherslu á heilsutengda ferðaþjónustu, t.d. endurhæfingarsetur og að Strandabyggð verði frekar áfangastaður en stoppistöð fólks á leið annað.



Umhverfismál voru rædd, allt frá því að malbika fleiri götur og fara í tiltekt á Hólmavík, til þess að athuga með stofnun þjóðgarðs eða svæðisgarðs, í samstarfi við nágretta. Einnig að nýta tækifæri tengd Earth-Check umhverfissvottun Vestfjarða. Fjallað var um menntamál í víðum skilningi og að góðir skólar séu lykill að búsetuvali. Fram kom ánægja með skólustarf á Hólmavík og m.a. rætt um tækifæri tengd kennslu í gegnum netið og sérhönnuð styttri námskeið. Viðruð var hugmynd um samfélagssetur og rætt um að styrkja svæðið enn frekar sem útivistarparadís og skoða sérstaklega sjósport, sem krakkar í grunnskólanum væru spennir fyrir.

Spurt var hvernig mætti laða að nýja íbúa, sérstaklega ungt fólk. Skilaboð þátttakenda voru þau að til þess að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn þurfi leiguhúsnæði sem hentar ungu fólki, allar gerðir af íbúðarhúsnæði og nýja búsetukosti fyrir eldra fólk sem vill minnka við sig. Einnig sé mikilvægt að ráða menntað ungt fólk í vinnu og bjóða aðstöðu fyrir þá sem vilja starfa sjálfstætt. Stungið var upp á leiðum til að taka á móti nýjum íbúum, hvaðan úr heiminum sem þeir koma.

Kallað var eftir uppbyggingu á Innstrandavegi og veginum um Langadalsströnd. Bæta þurfi GSM samband og nettengingar og ljósleiðaravæða Hólmavík, enda sé það liður í skapa tækifæri fyrir fjarvinnu af ýmsu tagi. Strandabyggð er fámennt og víðfeðmt sveitarfélag og var rætt um tilvist sveitarfélagsins, hvort það hafi efni á að vera til og möguleika á samstarfi eða sameiningu við önnur sveitarfélög.

Það var hugur og kraftur í Strandamönnum á þinginu, sem sjá fjölmörg tækifæri til að sækja fram og snúa við langvarandi fólksfækkun. Það þarf umfram allt að láta umheiminn vita af þeim gæðum á sviði náttúru, menningar og mannlífs, sem Strandabyggð hefur upp á að bjóða, sögðu þátttakendur.

Virk þátttaka íbúa er einn af hornsteinum verkefnisins „Brothættar byggðir“ og mun verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára, byggja á skilaboðum þingsins, ásamt stöðugreiningu.



1. Inngangur

Byggðastofnun hefur á undanförunum árum þróað verklag undir heitinu „Brothættar byggðir“ (BB) til stuðnings byggðarlögum sem standa höllum fæti. Þróun verkefnisins hófst árið 2012 og hefur þessari aðferðafræði verið beitt í ellefu byggðarlögum, þar af hefur Byggðastofnun dregið sig í hlé í fimm byggðarlögum að loknum samningstíma. Strandabyggð er tólfta byggðarlagið í verkefninu. Byggt er á samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök á svæðinu og síðast en ekki síst við íbúa og fulltrúar þessara aðila skipa verkefnisstjórn.

Meginmarkmið verkefnisins „Brothættar byggðir“, „er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“¹

Upphaf verkefnisins í Strandabyggð, litaðist talsvert af kórónuveirufaraldrinum. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti þátttöku Strandabyggðar þann 15. nóvember, 2019. Venja er að halda íbúabing við upphaf verkefnis, en það reyndist ekki mögulegt fyrr en í júní 2020. Í janúar kynnti Byggðastofnun verkefnið fyrir sveitarstjórn og verkefnisstjórn hóf störf skömmu síðar. Hún lét engan bilbug á sér finna og hittist reglulega á netfundum. Verkefnisstjóri var ráðinn í maí.

Ein af ráðstöfunum Alþingis vegna veirufaraldursins var að veita aukalega fjármagni til verkefna í „Brothættum byggðum“, m.a. með svokölluðum Öndvegissjóði þar sem 40 milljónir eru til úthlutunar. Um er að ræða samkeppnissjóð, þar sem hvert og eitt „brothætt“ byggðarlag á landinu getur sent inn allt að tvær umsóknir og verða úr þeim hópi valin úrvalsverkefni, eitt eða fleiri, sem hljóta styrk.

Til að vinna tíma, kallaði verkefnisstjórn eftir hugmyndum að verkefnum frá íbúum og hélt rafrænan kynningarfund. Alls bárust 13 hugmyndir og urðu tvær þeirra fyrir valinu „Undir Ægishjálmi – námskeiðahald, kynningarstarf, sameiginleg vefverslun og þjónustusíða“ og „Kyrrðarkraftur – endurhæfingarsetur á Ströndum“. Eigendur annarra hugmynda voru hvattir til að stinga upp á þeim til umræðu á íbúabinginu í júní.

Íbúabing í Strandabyggð var haldið dagana 12. og 13. júní 2020 og þangað mættu liðlega 60 manns. Þar gat hver sem það vildi, stungið upp á málefnum, sem síðan voru rædd í minni hópum. Aðferðin kallast „Opið rými“ – Open Space Technology². Á síðari degi þings létu þátttakendur sig dreyma um stöðu byggðar og mannlífs í Strandabyggð árið 2030 og loks var málefnum forgangsraðað eftir mikilvægi. Þess má geta að tveir þingmenn þáðu boð um að heyra helstu skilaboð undir lok þingsins, þau Guðjón Brjánsson og Halldóra Mogensen.

Skilaboð íbúabingsins verða, ásamt stöðugreiningu, efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Samantektin sem hér fer á eftir, byggir á gögnum frá hópum og kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum.

¹ Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2, júní 2017:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf

² <http://www.openspaceworld.org/>


2. Forgangsröðun

Á íbúabpinginu var stungið upp á fjölmörgum málefnum til umræðu og undir lok þingsins var þeim síðan forgangsráðað eftir mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Strandabyggð.

Annað af tveimur „Öndvegisverkefnum“ hlaut langmest vægi í forgangsröðuninni, sbr. kafla 1 hér á undan. Þetta var verkefnið „Undir Ægishjálm – Vefverslun og þjónustusíða“. Þar á eftir komu útivist, þjóðtrú og heilsutengd ferðapjónusta, sem jafnframt vísar til hins „Öndvegisverkefnisins“, um endurhæfingarsetur. Ýmis mál sem tengjast markaðssetningu og ímynd voru ofarlega í forgangsröðun þátttakenda, en einnig hugmynd um þjóðgarð, móttöku nýbúa og eflingu fiskveiða. Nokkur áhersla var lögð á sjósport og hvernig megi laða að ungt fólk til búsetu. Ferðapjónusta er mikilvæg fyrir eflingu atvinnulífs og af nýjum hugmyndum til atvinnusköpunar má nefna krabbaveiðar, sveitamarkað, fiskeldi á landi og óstaðbundin störf, en reynslan af „kófinu“ hefur opnað augu margra fyrir möguleikum á því sviði.

Þegar horft er yfir forgangsröðun allra málaflokka vekur athygli um hversu mikla blöndun er að ræða. Það er, áherslan er á markaðssetningu, atvinnumál, ásýnd, innviði og nýsköpun, allt í bland.

Tekið skal fram að verkefnisstjórn tekur öll mál til skoðunar og því þýða færri punktar í forgangsröðun ekki að málefni og hugmyndir muni hafa lítið vægi eða verði vikið til hliðar þegar upp er staðið.



3. Hvað við höfum - sérstaða

Þær hugmyndir sem komu fram á íbúabínginu, byggja allar á einn eða annan hátt á sérstöðu svæðisins og mannauði. Hér skal þó, áður en lengra er haldið, gerð tilraun til að draga fram það sem þátttakendur greindu sem sérstöðu Strandabyggðar. Byggt er á efniviði frá tveimur hópum „Markaðssetning og ímynd“ og „Þjóðtrú“. Einnig er sagt frá umræðu um markaðssetningu og ímynd í kafla 5.2., hér á eftir.

„Kortleggja sérstöðuna betur.“

Þjóðtrú er hér greind sem hluti af sérstöðunni, enda hefur Strandabyggð skapað sér sess á því sviði á landsvísu. Galdrasafnið var stofnað árið 2000 og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa var stofnað árið 2016. Fram kom á þinginu, að fimm þjóðfræðingar séu nú búsettir á Ströndum.

3.1. Allskonar sérstaða

Hópur sem ræddi um markaðssetningu og ímynd, var sammála um að nauðsynlegt sé að gera meira úr sérstöðu Strandabyggðar og því sem er gott og vel gert. Það eigi við bæði gagnvart ferðamönnum og íbúunum sjálfum og að horfa ætti til ólíkra markhópa. Sérstaðan fléttast saman úr fjölmörgum þáttum, að mati þátttakenda, sem settu þessi atriði á blað:

- Staðsetningin
 - Stutt í afþreyingu, önnur sveitarfélög, náttúruna – miðpunktur – nafli alheimsins.
 - Stutt á Strandir!
- Samfélagið
 - Þétt samfélag.
 - Öflugt tómstundastarf, leikfélag, söngur.
 - Félagsmiðstöð, ungt fólk.
 - Skólastarf, góð þjónusta, stuðningur.
 - Handverk og markaður.
- Afþreyingin
 - Skíði.
- Náttúran
 - Hvalir, dýr, fuglar.
 - Náttúra og logn.
 - Berjaland, matur.
- Atvinnuhættirir
 - Sauðfé.
- Menningin og sögurnar
 - Þjóðsögur, galdrar.
 - Strandmenning, gamlir búskaparhættir, strandveiðar o.fl.
 - Galdrasýning og Sauðfjársetur
 - Skjaldbakan, furður³

Stungið var upp á að gera kannanir til að kortleggja sérstöðuna betur og komast að því „...hver er ímynd okkar?“. Einnig að kanna meðal íbúa: „Af hverju fluttirðu hingað? Hvað heldur?“.

³ Vísar til þess þegar risaskjaldbaka var dregin á land á Hólmavík, árið 1963.

3.2. Þjóðtrú

Rætt var um þjóðtrú í einum hópi, sem sagði: „Strandir eru vagga trölla, vætta, drauga, skessa, álfa, dverga o.s.frv.“. Meðal þess sem tekið var fyrir, var miðlun, söfn og upplifanir.

Hópurinn átti sér draum um að komið yrði upp vottaðri og ríkisstyrktri upplýsingamiðstöð um þjóðtrú, í Strandabyggð. Með því myndu aukast til muna möguleikar Strandabyggðar til að gera meira úr þessari sérstöðu svæðisins.

Meðal annars yrði horft til sögustaða og jafnframt búnaðar til „þjóðtrúarleiðir og áningarstaðir“ og gefin út þjóðtrúarkort til að ferðast með. Af einstökum stöðum var vatnstankurinn á Hólmavík nefndur sem skrímslaútsýnisstaður og að þar mætti koma upp upplýsingaskilti.

Stungið var upp á samstarfi við listamenn, t.d. kvikmyndagerðarmenn, tæknimenn, myndlistarmenn og fleiri. Byrjað yrði á að kynna þeim möguleika Strandabyggðar, tengda þjóðtrú.

Hægt væri að halda þemavinnustofur, námskeið og gera skúlptúra, sögðu þátttakendur.

Lagt var til að vinna með sagnamenningu (storytelling) og m.a. halda sagnahátíð á Ströndum.

Hópurinn horfði einnig út fyrir landsteinana og vitnaði til skilgreiningar UNESCO á óáþreifanlegum menningararfi, sem vísar til svokallaðra menningararfæða. Þannig geti heimsmínjar verið huglægur menningararfur ekki síður en áþreifanlegar mínjar, manngerðar og náttúrulegar.⁴

Þá kom fram áhugi á að búa til Evrópuverkefni um varðveislu þjóðsagna og að tengja við annarra landa þjóðsögur.

Skilgreindir voru markhópar fyrir sóknarfæri tengd þjóðtrú:

- Börn.
- Fjölskyldur.
- Erlendir ferðamenn.
- Listamenn og fræðifólk.

Markmiðið væri upplifun.

Þátttakendur vildu gera metnaðarfulla áætlun, „risastórt plan“. Byggja í kringum þjóðtrúarstofu og Galdrasýninguna og helst að finna góðan fjárfesti.

Strandabyggð ætti að stefna að því að „yfirtaka íslensku þjóðtrúna á netinu, bæði á íslensku og ensku“, sagði hópurinn.

„Koma upp vottaðri og ríkisstyrktri upplýsingamiðstöð um þjóðtrú.“

⁴ http://heimsmínjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=13&Itemid=30

4. Hvernig við látum vita af okkur - markaðssetning

Spurningin „hvernig látum við umheiminn vita af okkur?“ var þátttakendum á þinginu mjög ofarlega í huga og birtist í umræðu um ýmis mál. Það málefni sem flest stig hlaut í forgangsraðun, var hugmynd um sameiginlega vefverslun og þjónustusíðu fyrir Strandir. Hér er sagt frá umræðu um hana og einnig því sem kom frá hópi sem ræddi um markaðssetningu og ímynd, en jafnframt er vísað til kafla 3.1. um sérstöðu.

4.1. Undir Ægishjálm - Vefverslun og þjónustusíða

Hugmynd um sameiginlega vefverslun og þjónustusíðu fyrir Strandir, hlaut flesta punkta frá þátttakendum, þegar málefnum var forgangsraðað á þinginu, sbr. kafla 2, hér á undan. Um er að ræða annað verkefni af tveimur sem verkefnisstjórn valdi til að sækja um styrki í Öndvegissjóð, sjá í kafla 1.

„Undir Ægishjálm“ var heiti hugmyndarinnar, þegar hún var send inn til verkefnisstjórnar vegna umsókna í Öndvegissjóð. Hópurinn sem ræddi um verkefnið á íbúáþinginu, lagði hins vegar til að markaðssetning yrði undir heitinu „Strandir“, en að merkið yrði byggt á galdrastafnum Ægishjálm, sem er verndarstafur. Ávinningurinn af því að nota „Stranda“ stimpilinn, væri fyrst og fremst sá að það yrði öflugt fyrir samstöðu á svæðinu.

Markmið verkefnisins er að selja varning úr héraði og snýst um sameiginlega vöruþróun, gæðamál, samvinnu, vörumerki, mörkun og markaðssetningu. Ýmislegt er nú þegar í gangi á svæðinu og taldi hópurinn mikilvægt að nýta það og tengja við. Stungið var upp á að halda námskeið og/eða hugmyndasmiðju, um vöruþróun. Þar yrði unnið með það að breyta sérstöðu í vöru og að sérstaðan skili sér alla leið, t.d. í umbúðum og fleiru.

Samvinna er lykilatriði, samvinna ólíkra aðila, smárra og stórra, sögðu þátttakendur. Í útfærslum er tilvalið að nýta handverksfólk og listafólk í héraði og efnivið og hráefni úr héraði. Þar var t.d. vísað til rekaviðar, matarmenningar, minjagripa og framleiðslu vöru. Rætt var um ýmsar leiðir varðandi gæðaþróun í tengslum við verkefnið og að verkefnið í sjálfu sér gæti verið leið til að stuðla að auknum gæðum.

Auðlindirnar eru margar. Í einstakri náttúru felast tækifæri til að bjóða ferðir, afþreyingu og upplifun, ásamt því að nýta náttúruafurðir. Horfa má til fortíðar; sögu, þjóðfræði og fornra búskaparháttanna og tengja við framtíðina.



Búinn verði til miðstýrður vefur og þar töldu þátttakendur þessi atriði skipta máli:

- Gæði, myndir, myndefni.
- Grunnkynning á svæði og sérstöðu.
- Leggja áherslu á uppruna og efnivið.
- Selja afþreyingu og viðburði.
- Líka fyrir heimamenn.

Og fleiri punktar varðandi vefinn:

- Fréttir góðar.
- Ferðamál.
- Upplýsingar.
- Sérstaða og ímynd.
- Tengingar við aðra sem eru að gera gott.

„Til að selja varning úr héraði.“

Fram kom að ráða þyrfti starfsmann til að sjá um uppfærslur á vefnum og útfæra verkefnið til framtíðar.

Rætt var um lénið www.strandir.is, sem í dag hýsir vefrit um málefni Strandamanna, sem haldið var úti í áhugamennsku til skamms tíma. Varpað var fram þeirri spurningu hvort það gæti verið vörumerkið.

Eitt af úrlausnatriðum er að ákveða hvernig vörur verða sendar til viðskiptavina, hvort á að vera miðlægur lager, eða ekki. Einnig þarf, að mati hópsins að ákveða hvernig endurgjöf varðandi kröfur til seljenda verður háttáð.

Kjarni verkefnisins er að gera meira úr sérstöðu Strandabyggðar, náttúru, sögu og hráefnum og koma á framfæri við umheiminn. Strandir eigi helst að vera „lykilstopp fyrir alla“, eins og það var orðað.

Næstu skref:

- Sækja um í Öndvegissjóð.
- Fullmóta hugmynd.



4.2. Markaðssetning og ímynd

Sá hópur sem hér er sagt frá, fékk eftirfarandi fimm málefni til umfjöllunar, sem öll falla undir markaðssetningu og ímynd:

- Hvernig getum við látið umheiminn vita um það sem vel er gert?
- Markaðssetning á svæðinu.
- Sérstaða og aðdráttarafl.
- Friðsælt þorp við fjörðinn!
- Veðurstöð Hólmavík! (Ekki Steingrímur).

Fyrst var rætt um sérstöðu, s.s. staðsetningu, samfélag, náttúru, atvinnuhætti, menningu og afþreyingu. Sagt var nánar frá þessum skilaboðum hópsins í kafla 3.1. hér á undan.

Auk alls þess sem á undan er talið, taldi hópurinn veðurfar vera hluta af ímynd svæða og staðsetningu veðurstöðvar því skipta miklu máli. Sagt var: „Veðurstöðin: Mikilvægt að laga.“ Vísað er til þess að meðan upplýsingar á vef Veðurstofunnar miðuðust við Steingrímsfjarðarheiði, sýndi það lægra hitastig en almennt er á Hólmavík. Þessu hefur nú þegar verið breytt af Veðurstofunni, eftir uppbyggilega gagnrýni óþreytandi Strandamanna, þannig að nú er miðað við Skeljavík, skammt sunnan Hólmavíkur. Þetta gefur raunsannari mynd af veðri, en ýmsir telja þó að veðurstöðin ætti að vera inni í þorpinu.

Þá var lagt til að komið yrði upp listaverkagrindverki við iðnaðarsvæðið að Skeiði, „...það fyrsta sem maður sér: Grípur fólk og fær það til að stoppa snemma“.

Fram kom að orðræðan almennt skipti máli, t.d. hvernig talað er um landsbyggðina. Og þetta er langtíma verkefni, sögðu þátttakendur. Allt miði þetta að því að vera „pepp fyrir íbúa“ og skapa jákvæða sjálfsmynd.

Jákvætt fyrir ímynd Strandabyggðar:

- Umhverfissvottun Vestfjarða.
- Skipulagning útisvæða.
- Fegrún bæjarins.
- Göngustígar og áningarstaðir.

Leiðir til markaðssetningar:

- Hægvarp
 - Vídeó, náttúra, bátar, fjörðurinn, hvalir, fuglar, búskapur.
- N4: Landsbyggðarsjónvarp – Vestfirðir
 - Miðlun, podcast, t.d.
 - Fjölmiðlunarrými.

Næstu skref:

- Ferðamálafulltrúi.
- Markaðsátak.
- Vefsíða.
- Ímyndarkönnun.
- Laga veðurstöðina!

„Gera meira úr sérstöðu og því sem er gott og vel gert.“

5. Hvað við bjóðum - Afþreying og lífsgæði

Strandabyggð hefur upp á fjölbreytta útvistarmöguleika að bjóða og hægt væri að sækja enn frekar fram á því sviði. Þetta er, að mati þátttakenda á íbúáþinginu, mjög mikilvægt og var í öðru sæti í forgangs röðun málefna. Útivist og nálægðin við náttúruna, kyrrð og friður, skiptir máli fyrir lífsgæði íbúa og er líka liður í að laða að nýja íbúa og gesti.

Hér er sagt frá skilaboðum þriggja hópa, eins sem fjallaði um endurhæfingarmiðstöð undir formerkjum heilsutengdrar ferðaþjónustu, annars sem ræddi um útivist almennt og hins þriðja sem fjallaði um sjósport.

5.1. Endurhæfingarmiðstöð

Annað af tveimur verkefnum sem stungið var upp á þegar verkefnisstjórn leitaði eftir hugmyndum til að sækja um styrk í svokallaðan Öndvegissjóð, sbr. kafli 1., var endurhæfingarmiðstöð. Stungið var upp á verkefninu sem umræðuefni á íbúáþinginu og því síðan slegið saman við málefnið „heilsutengd ferðaþjónusta“ og rætt í einum hópi, en umræðan snerist að mestu um þessa hugmynd um endurhæfingarmiðstöð.

Að verkefninu standa fyrirtækin Trappa og Hvatastöðin og vinnuheimið er „Kyrrðarkraftur“. Byggt er á svipuðum hugmyndum og Lýðskólinn á Flateyri, nema að gestir gætu dvalið mislengi:

- Dvöl í 6 vikur.
- Dvöl yfir helgi.
- Heilsudagar.
- Hjónahelgar.

„AÐ KÚPLA SIG ÚT – mikilvægt í endurhæfingu, komast í kynni við náttúruna á Ströndum.“

Þetta gæti verið valkostur sambærilegur Heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði, sbr. „Heilsustofnun í Hveragerði... Endurhæfing á Ströndum“, eins og það var orðað. Markmiðið væri meðal annars það að þátttakendur „læri að þekkja sinn innri mátt“.

Sagt var: „AÐ KÚPLA SIG ÚT – mikilvægt í endurhæfingu, komast í kynni við náttúruna á Ströndum“. Verið væri að nýta sérstöðu á Ströndum, veður, menningu, þ.m.t. galdra og umhverfi og náttúru.

Dagskráin gæti byggst upp á fjölbreyttum þáttum, t.d. gönguferðum, jóga, svitahofi, hugleiðslu, tantra jóga, sjósundi, zumba dansi, hugleiðslu, floti í sundlaug og kannski „hreyfingu sem tengist galdra...“, eins og hópurinn skráði það á blað. Það mætti þá útfæra með ýmsum hætti og tengja þjóðtrú almennt. Þá var vísað til „Strandamannsins sterka“⁵ og velti hópurinn því fyrir sér hvort þessi ímynd styrks og krafta á Ströndum lifi enn í hugum landsmanna.

⁵ Vísar til Hreins Halldórssonar kúluvarpara, sem á áttunda áratugnum var einn af bestu íþróttamönnum landsins.

Fram kom að verkefnið „Kyrrðarkraftur“ væri nátengt öðrum hugmyndum sem ræddar voru á þinginu, eins og:

- Uppbyggingu útivistarsvæða.
- Uppbyggingu vetrarsports.
- Menningartengdri ferðaþjónustu.
- Sjósporti.
- Skessuhlaupi / fjölþraut.

Lagt var til að tengja við sveitabæi og bændur á svæðinu, þannig að fólk í endurhæfingu (og aðrir) sjái starfsemi í sveitum, t.d. sauðburð. Það sé jákvætt að fá að skipta um umhverfi og kynnast nýjum starfsháttum og hvaðan maturinn kemur.

Einnig var rætt um tengingu við Kaldalón, Grímsey og fjörur og samstarf við stofnanir og skóla.

Þjóða mætti upp á gönguferðir, „kyrrð, ró, bein tenging“, eins og það var orðað. Liður í því væri kortlagning og merking göngustíga. Þá var stungið upp á heilunarhring, kajakferðum, hvalaskoðun, sköpun og náttúruupplifun. Fólk fengi að prófa að sækja sinn eigin mat og boðið væri upp á hreint fæði af svæðinu. Vísað var til verkefnisins „Heilsueflandi samfélag“⁶ og mögulegs samstarfs við skóla.

Rætt var um möguleika allt árið og tengingu við vetrarsport:


- Snjöhúsabyggð.
- Uppbygging skíðasvæða.
- Kuldi.
- Jóga í stormi.
- Norðurljós.
- Smáhýsi tengd náttúru – hobbitabyggð.

Slík endurhæfingardvöl á Ströndum fellur, að mati þátttakenda, að ýmsum gildum og áherslum samfélagsins í dag, svo sem minni neysluhyggju, baráttu gegn matarsóun, náttúruupplifun og umhverfisfræði.

Sjá skýringarmynd hópsins á næstu síðu.



⁶ Sjá vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is



Næstu skref:

- Umsókn í Öndvegissjóð – áframhald á því.
- Mynda teymi um Kyrrðarkraft.
- Ráða ferðaþjónustufulltrúa – fjármagna.
- Safna samstarfsaðilum.
- Kortleggja og merkja útivistarsvæði.
- Samtal og skipulagning fram í tímann á viðburðum sem eiga sér stað í sveitarfélaginu svo allir séu á sömu blaðsíðu.
- Hverju geta ferðaþjónustur bætt við í þessum anda?
- FJÁRMAGN í jaðarbyggð:
 - Erfitt að fá lán til að framkvæma.
 - Mikilvægt að góðar hugmyndir geti orðið að veruleika.
 - Aðstoð frá Byggðastofnun.

5.2. Útivist

Hópur sem fékk það verkefni að ræða um skipulagningu á útivistarsvæði, fór vítt og breitt yfir sviðið og velti fyrir sér allskonar möguleikum til útivistar og hvaða aðstöðu væri þá þörf. Þetta myndi bæði auka lífsgæði heimamanna og laða að ferðamenn til dvalar.

Þannig væri verið að efla „þátttökutúrisma“ með áherslu á upplifun og nefndi hópurinn fuglaskoðun, rannsóknir, ljósmyndun og lautarferðir. Mikið var rætt um göngu- og hjólaleiðir og lagt til að göngustíganet yrði útfært og/eða lagað og leiðir merktar eða stikaðar, eftir atvikum. Þá bæði á Hólmavík og í dreifbýli um allar Strandir.

Þetta kom fram um leiðir og viðfangsefni í gönguferðum:

- Gamlar þjóðleiðir – reiðleiðir; kirkjuvegir.
- Hjólastíg út á Grundir.
- Þemagöngur, tengja við söguna og viðburði.
- Fróðleiksgöngur – nytjajurtir; fuglaskoðun o.fl.
- Ævintýragöngur.

Stungið var upp á því að þróa Kaldalón sem útivistarsvæði og einnig lagt til að á Stóru-Grund, innan við þorpið á Hólmavík, yrði „...íbúahannað útivistar- og skógræktarsvæði“.

Þá komu fram hugmyndir um aðstöðu fyrir frísbý golf, mini golf, útihreystibraut og skapandi leikvöll, eða „ruslaróló“, eins og það var kallað. Einnig að komið yrði upp útsiði fyrir félög til að troða upp á, t.d. leikfélag og kóra og að sett yrðu upp útilistaverk hér og þar. Á Hólmavík, sagði hópurinn að sé „vöntun á torgi – þar sem fólk kemur saman á tyllidögum utandyra“.

Þessi hugmynd kom um „Háskaslóð“:

- ...þar sem má klifra og óvitast. Merkja síðan leiðir eftir erfiðleikastigi. Þetta má síðan tengja við sjósport – sull.

Skíðafélag Strandamanna hefur verið mjög virkt og lýsti hópurinn áhuga á að skíðasvæðið í Selárdal verði eflt og þar boðið upp á skipulagðar gönguskíðaferðir.

Efla mætti útivistarklúbba og gjarnan stofna ferðafélag, sögðu þátttakendur. Vísað var til tveggja starfandi hlaupa- og gönguhópa, sem kallast „Gunnar fótalesa og Margfætlurnar“.

Rætt var um upplýsingamiðlun á áningarstöðum og kallað eftir því að á áningarstöðum við vegi væru upplýsingar um hvar má finna salerni. Gjarnan mætti setja upp upplýsingaskilti, t.d. um fuglalíf, örnefni og fleira. Þá mætti miðla þekkingu í gegnum gamlar ljósmyndir, með hjálp tækninnar, var sagt.

Æskilegt væri, að mati hópsins að „virkja ungt fólk til afreka og til markaðssetningar“.

Næsta skref:

- RÁÐA FERÐAMÁLAFULLTRÚA!

„Kortleggja gönguleiðir og merkja, bæði á Hólmavík og í dreifbýli.“

5.3. Sjósport

Rætt var um hvernig efla mætti allskonar sjósport í Strandabyggð, allt frá sjósundi til siglinga á ýmsum farkostum, eins og kajökum og árabátum. Fram kom að yngra fólk á staðnum lumaði á mörgum hugmyndum um sjósport.

Eftirfarandi kom fram í umræðum hópsins um staðsetningu aðstöðu og merkingar:

- Staður til að hoppa í sjó.
- Sjósundstaður, kafarastaðir, kajakaleið – kortleggja og merkja.
- Flotbryggja í „Sýsl-fjöruna“.

Stungið var upp á því að komi hitaveita á Hólmavík væri hægt að nýta affallið í „strand-sull-spa-poll“.

Hópurinn sá ýmsa möguleika og nefndi þetta:

- Kajakleiga, smábáta- (árabáta-) leiga.
- Viðburður – Strandasundið.
- Kappróðrar.
- Bátatrúss.
- Siglinganámskeið, útibú Sæfara á Ísafirði.
- Veiðar: Sjóstöng, færi.

„Tengja sjósport við náttúruskoðun.“

Fram kom hugmynd um að tengja sjósport við náttúruskoðun, bjóða ferðir með leiðsögn, ljósmyndun, fuglaskoðun, hvalaskoðun og selaskoðun af sjó. Einnig mætti horfa til æðarfuglsins og bjóða þátttöku í dúntekju. Lundinn vekur mikinn áhuga ferðamanna og þeir staðir sem nefndir voru til lundaskoðunar voru Grímsey á Steingrímsfirði og Broddanes í Kollafirði.

Þá velti hópurinn fyrir sér tengingu við bátamenningu og hvort mætti eiga samstarf við Reykhóla um bátasmíði og viðgerðir. Spurt var: „Er hægt að laða að skútufólk? Hvernig? Baskatenging?!“.

Næsta skref:

- Stofna áhugamannaklúbb um sjósport og taka næstu skref í tengslum við hann.



6. Hvers við njótum – Umhverfi og ásýnd

Fjórir hópar fjölluðu um umhverfismál og litu sér bæði nær og fjær. Þannig var rætt um mögulega stofnun Þjóðgarðs eða svæðisgarðs, tækifæri í umhverfissvottun Vestfjarða, fegrun umhverfis og malbikun gatna. Skilaboð hópanna einkennast bæði af metnaði fyrir umhverfi og ásýnd og vitund um mikilvægi umhverfismála og hugsanlegra sóknarfæra á því sviði fyrir Strandabyggð.

6.1. Þjóðgarður

Rætt var um tvö tengd málefni í þessum hópi, annars vegar um Þjóðgarð og hins vegar um umræðuefnið „verðmiði á ósnortna og óspillta náttúru“. Í uppástungu um umræðuefnið Þjóðgarður sagði einnig: „Nálægð við hugsanlegan Þjóðgarð og efling í samvinnu við atvinnulíf“.

Greind voru ýmis sóknarfæri tengd stofnun Þjóðgarðs og lagði hópurinn áherslu á samspil umhverfisverndar og eflingu atvinnulífs. Fram kom að ósnortin náttúra og fámenni séu verðmæt og jafnvel enn verðmætari eftir Covid.

Ekki er ljóst af gögnum frá hópnum hvort rætt var um skilgreint svæði, en virkjanasvæði Hvalárvirkjunar var nefnt. Þó gæti verið um annað hvort stærra eða minna svæði að ræða. Rætt var um mögulega friðlýsingu á parti af svæði og til dæmis kom fram í framtíðarsýn á þinginu, hugmynd um Kaldalón sem Þjóðgarð. Sjá kafla 12.

Markmiðið með stofnun Þjóðgarðs (eða mögulega svæðisgarðs), væri efling náttúru og menningar, sögðu þátttakendur. Fram kom að varðveisla atvinnuhátta sé mikilvæg „...fyrir fólk sem vill búa hér“ og sérstaklega vísað til grásleppuveiða, smábátaútgerðar og ræktunar á forystufé. Sagt var: „Stór tækifæri og vænlegri í Þjóðgarði versus virkjun“, en bent á að þörf sé á stuðningi til að gera það að veruleika og kallað eftir fjármagni „...NÚNA í þróun hugmynda“. Þá kom fram að vera ættu „...mörg hlið að Þjóðgarði (Hornströndum sem dæmi) en ekki að einkorða stuðninginn við eitt svæði (t.d. Ísafjörð)“.

Sá möguleiki að stofna svæðisgarð var líka ræddur og þá þannig að Strandir, Reykhólar, Djúpið og Hornstrandir yrðu „...einn stór Svæðisgarður“.⁷ Spurt var um muninn á Þjóðgarði og svæðisgarði.



⁷ Einn svæðisgarður er starfandi hér á landi, á Snæfellsnesi, www.snaefellsnes.is

Eftirfarandi atriði voru nefnd sem kostir:

„Ósnortin náttúra og fámenni er enn verðmætara eftir Covid.“

- Auknar rannsóknir með auknum tekjum í þá málaflokka.
- Ný þekkingarstörf mikilvæg fyrir unga fólkið sem vill koma heim á svæðið og nýtt fólk.
- Aldurssamsetning samfélags myndi breytast, meira ungt fólk og menntað.

Fram kom að vinna þyrfti með ótta landeigenda við hömlur, kvaðir, lög og reglur, þ.e. hræðslu við boð og bönn. Þetta sé ótti heimamanna við utanaðkomandi þrýsting og stjórnsemi ótengdra aðila sem búi ekki á svæðinu og hafi ekki skilning „...á þörfum heimamanna sem búa hér allt árið um kring“.

Loks var nefnt að hugmynd um Strandastofu (sjá kafla 8.3.), gæti samfléttast „Strandakjarna“ í víðari mynd.

Næstu skref:

- Skoða muninn á svæðisgarði og þjóðgarði.
- Hafa frumkvæði að því að skoða hugmynd undir RÉTTUM formerkjum (ekki boð og bönn).
- Komast að sameiginlegri skoðun um hver þau formerki eigi að vera.
- Samtal við nágrannasvæði.
- Samtal við ráðuneyti og svæðisstjórn.

6.2. Fegrin umhverfis og malbikun

Hópur sem ræddi um „fegrin umhverfis“, benti á ýmislegt sem betur má fara í umgengni og ásýnd. Fjallað var um hvar þarf að taka til hendi og einnig varpað fram hugmyndum um framkvæmdir eða úrbætur til að gera Hólmavík og Strandabyggð ennþá meira aðlaðandi.

Varðandi tiltekt, sagði hópurinn þetta:

- Gámar við Höfða: Umbætur og færa.
- Umhverfi fyrirtækja
 - Verkstæði, Skeiði.
 - Laga í samvinnu.
- Bílar á víðavangi og lóðum, númeralausir.

„Þróa öflugri „miðbæ“ niðurfrá, í elsta hluta bæjarins.“

Kallað var eftir úrbótum, þar sem sveitarfélagið hefði forgöngu og þá í samvinnu við hlutaðeigandi.

Það þyrfti að malbika fleiri götur á Hólmavík og laga gangstéttir, að mati hópsins.

Fram kom áhugi á að þróa græn svæði og einnig að þróa öflugri „miðbæ“ niðurfrá, í elsta hluta bæjarins. Einhverjir áttu sér draum um torg, sem gæti t.d. verið þar. Gjarnan mætti „...vísa fólki niðureftir í gamla bæ“, var sagt, en algengt er að eina stopp fólks á Hólmavík, sé í versluninni, þegar það er á leið annað. Því eru margir sem aldrei koma í gamla hluta bæjarins. Samanber umræðu um að gera Hólmavík / Strandabyggð að áfangastað þar sem fólk kemur og dvelur, sjá í kafla 9.4. um ferðaþjónustu.

Rætt var um aðkomu að bænum, m.a. kirkjugarðinn og iðnaðarhverfið Skeiðið. Á síðarnefnda staðnum var stungið upp á að „toppa útsýni með listaverkum, t.d. grindverk með vegglist á sem væri það fyrsta sem maður myndi sjá“. Þetta væri leið til að „grípa augað“, var sagt.

Fram kom áhugi á að gera meira úr „Skjaldbökuslóð“, skilgreina götuna og gangbrautir, malbika og merkja.

Göngustígar voru vinsælt umræðuefni hér, líkt og í fleiri hópum og sagt að þeir þyrftu að vera betur skilgreindir, merktir og kortlagðir. Mikilvægt væri að þeir væru fjölbreyttir, til að mæta ólíkum þörfum. Í þessu þurfi að horfa á heildarmyndina, en sem stendur skorti yfirsýn.

Bent var á að tækifæri felist í því að Hólmavík geti verið vettvangur fyrir kvikmyndagerð.

Hópurinn hvatti til þess að bæta aðkomu að minnismerki um Stefán frá Hvítadal sem er nálægt fæðingarstað hans á Hólmavík.

Nokkrar götur á Hólmavík eru ekki malbikaðar og ræddi einn hópur um það. Kallað var eftir því að verstu kaflarnir verði malbikaðir og lagðar gangstéttir. Þetta sögðu þátttakendur eiga við um enda Höfðagötu, Kópnesbraut og Skjaldbökuslóð. Jafnframt var bent á að laga þurfi kantsteina á einhverjum stöðum.

Næstu skref:

- Sveitarstjórn taki á málum.
- Ráða starfsmann til að sjá um þessi mál.
- Stofna umhverfishóp; Kaldrananeshreppur hefur t.d. gert það.
- Malbikun:
 - Hvetja sveitarstjórn til að veita fé í lagfæringar á verstu stöðunum, í næstu áætlun.
 - Meta þörf og forgangsraða.

„Malbikun er þarft verkefni innanbæjar.“

6.3. Umhverfivottun Vestfjarða – Tækifæri

Stungið var upp á umræðuefninu „Hvernig er hægt að nýta tækifæri í tengslum við Umhverfivottun Vestfjarða?“ og rataði ýmislegt á blað hjá hópnum sem fjallaði um það. Þarna er vísað til svokallaðrar Earth-Check vottunar, sem er alþjóðleg vottun og nær til reksturs sveitarfélaganna á Vestfjörðum.⁸

Fjallað var um sorphirðu og sorpflokkun og vildu þátttakendur gjarnan sjá úrbætur á því sviði, en íbúar sem vilja flokka sorp, skila því sjálfir á móttökustöð og ekki er tekið á móti lífrænum úrgangi:

- Betri sorphirða/flokkun:
 - Endurvinnslutunnur við heimili.
 - Lífrænn úrgangur.
 - Flokkunartunnur á tjaldsvæði – framkvæma.

„Flagga vottuninni á vörum og þjónustu.“

Lagt var til að „nýta mat úr héraði meira“ og að leita ætti leiða til að virkja íbúa í að breyta hegðun. Þá vildu þátttakendur gjarnan að vottunin væri betur kynnt bæði inn á við og út á við. Gefin væru skýr skilaboð til ferðamanna (og heimamanna) að þeir séu staddir í umhverfivottuðu sveitarfélagi. Sagt var: „Það þarf að kynna vottunina betur og vísa fólki áfram í upplýsingar um hvað hún stendur fyrir. Búa til hvata fyrir fólk að velta því fyrir sér og hegða sér í samræmi við það“. Og gagnvart ferðamönnum og umheiminum:

- Flagga vottuninni á vörum og þjónustu:
 - Sérstaklega í ferðaþjónustu.
 - „Ræktað í umhverfivottuðu sveitarfélagi.“
 - Hægt að nýta meira í þjónustu.
 - Nýta með annarri vottun í matvælaframleiðslu.
- Leiðir:
 - Fleiri merkingar og skýrar.
 - Fána sem eru sýnilegir í sveitarfélögunum og/eða skilti.

Þátttakendur vildu að vottunarverkefnið myndi beina og/eða hvetja fyrirtæki til að fá eigin umhverfivottun og stungu upp á því að sækja um Bláfána umhverfivottun fyrir hafnir og strandsvæði í Strandabyggð.⁹

Næstu skref:

- Bláfánaátak á Vestfjörðum.
- Grænfánaátak á Vestfjörðum.
- Kynningarátak til íbúa/fyrirtækja.
 - Sem tækifæri til að bæta ímynd og virði fyrirtækja á svæðinu.
- Hvetja og styðja.
- Átak í sorpmálum – lífrænt/flokkunartunnur.
- Beina framleiðendum í notkun umhverfivænna pakkninga (td. heimajarðgerðanlegt plast).

⁸ <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/umhverfivottun-vestfjarða>

⁹ <https://tun.is/forsidha/blue-flag-blafaninn/>

7. Hver við erum – Mannlíf, menntun og menning

Undir þennan kafla falla málefni sem varða samfélagið; mannlíf, menntun og menningu. Þátttakendur á íbúáþinginu voru nokkuð uppteknir af hvernig mætti fjölga íbúum, sérstaklega ungu fólki og þá taka enn betur á móti þeim sem flyttust í Strandabyggð. Rædd var hugmynd um samfélagssetur og um menntamál í víðu samhengi.

7.1. Móttaka nýbúa

Hópur sem ræddi um móttöku nýbúa horfði til fjögurra markhópa, „snúbúa“, innlendra nýbúa, erlendra nýbúa og flóttafólks. Mörg þeirra atriða sem stungið var upp á eiga við um alla hópana, en umfram allt skiptir máli að taka nýjum íbúum fagnandi, sögðu þátttakendur.

Snúbúar er fólk sem hefur búið á svæðinu áður og er að snúa aftur „heim“. Fram kom að þetta sé sérlega mikilvægur hópur, því ákvörðunin byggir á upplýstu vali, þau viti að verulegu leyti út í hvað þau eru að fara. Hópurinn sagði að þau þurfi þó samskonar móttöku og aðrir sem eru að flytja inn í samfélagið.

Til að ná til innlendra nýbúa, er, að mati þátttakenda, mikilvægt að kynna Hólmarvík sem búsetukost. Þá þurfi að vera húsnæði í boði. Sagt var „glögg er gests augað“ og að nýir íbúar geti komið með ný sjónarhorn. Bent var á að gæti þurfi jafnvægis milli þess annars vegar að taka nýjum íbúum vel og hins vegar þess að fela þeim ekki of mörg verkefni eða félagsstörf, þ.e. „ekki éta upp“, eins og það var orðað.

Varðandi erlenda nýbúa var stungið upp á að tala við þá sem þegar búa í Strandabyggð og spyrja: „Má gera betur?“ Komast að því hvort þau vilji aðlagast. Mörg þeirra séu andlit sveitarfélagsins vegna starfa sinna, t.d. í versluninni.

Í umræðum um flóttafólk var einnig vísað til skorts á húsnæði. Hópurinn taldi að hér væru tækifæri til fjölgunar og vert að kanna þá möguleika. Þessum hópi fylgi fjármunir. Nefnt var að hugsanlega séu landsbyggðarfordómar hjá fólkinu sjálfu og hjá stofnunum sem fara með málefni flóttafólks. Varpað var fram spurningunni: „Af hverju var beiðni Útlendingastofnunar neitað?“



Jafnframt var spurt hvort rasismi sé vandamál og hvernig tungumálavandamál og fordómar kunni að tengjast. Hópurinn taldi, í ljósi þess að Strandabyggð muni í framtíðinni verða meira fjölmenningsamfélag, nauðsynlegt að „...ræða hvort við viljum fjölmenningu“. Í umræðum um fjölmenningsstefnu var sagt: „Vantar að tengjast Fjölmenningssetri“.

Móttaka erlendra íbúa snúist m.a. um að kynna sér þeirra menningu og „...kynna okkar“.

Upplýsingar, eru að mati hópsins, lykilatriði fyrir alla nýja íbúa. Upplýsingar séu valdeflandi og ekki megi ganga út frá því að allir viti allt.

Eftirtalin atriði rötuðu á blað varðandi upplýsingamiðlun og móttöku:

- Upplýsingaflæði – merkingar mikilvægar, líka hjá fyrirtækjum.
- Íbúahandbók sárvantar – e.t.v. frekar á netinu? Þarf að vera lifandi – uppfæra.
- Stuðningsfjölskyldur– fyrir alla, líka fyrir barnlausa.
- Móttökupakki:
 - Kaffiboð í Hnyðju kl. 10.
 - Kaffiboð hjá eldri borgurum.
- Menningardagur – matur.
- Móttökuritari sveitarfélagsins?
 - Hliðvörður.
- Opna dyrnar – veita tól og tæki.

*„Upplýsingar eru valdeflandi.
Ekki má ganga út frá því að allir viti allt.“*

Allir íbúar geta lagt sitt af mörkum við að taka vel á móti nýju fólki, sagði hópurinn, einfaldlega með því að tala fallega um og við fólk.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það, að mati hópsins, fyrst og fremst húsnæðisskortur sem hamlar því að taka á móti nýjum íbúum í Strandabyggð.

Næstu skref:

- Stuðningsfjölskyldur fyrir alla.
- Skoða húsnæði.
- Kanna möguleika á að taka á móti flóttafólki.
- Sveitarfélagið tala við þá erlendu íbúa sem eru staðsettir í sveitarfélaginu.
- Kára íbúahandbók.
- Sveitarfélög tengjast fjölmenningssetri.
- Er vilji til að taka á móti erlendum aðilum – viljum við fjölmenningu? Sveitarfélagið þarf að setja sér stefnu.

7.2. Unga fólkíð

Stungið var upp á umræðum um spurninguna: „Hvernig höfðum við til unga fólksins um búsetu?“. Margt af því sem rætt var í þessum hópi skaraðist við umræður um móttöku nýbúa, í kaflanum hér á undan og um aldursskiptingu og húsnæðismál, sem sjá má í kafla 10.2.

Það vantar húsnæði í Strandabyggð til að eldri íbúar geti minnkað við sig og líka fyrir unga fólkíð. Stungið var upp á byggingu smáhýsa „tiny home“ og íbúða, með yngra fólkíð í huga.

Skólinn er góður og er að mati hópsins, mikilvægur til að laða að ungt fólk til búsetu. Gera mætti átak í því að efla Strandabyggð sem „barnvænt samfélag“, enda sé það lykilhugtak. Menningarlíf er öflugt og staðsetningin geti verið segull. Íþrótt- og félagastarf sé mikilvægt. Rætt var um hvernig mætti koma til móts við vaxandi áhuga ungs fólks á rafíþróttum og byggja upp íþróttastarf fyrir einstaklinga.

Fara ætti í markaðsáttak til að höfða til ungs fólks, að mati hópsins. Þá þyrftu atvinnurekendur í Strandabyggð að leggja áherslu á að ráða unga fólkíð í vinnu, bæði skólafólk og nýútskrifaða.

Stungið var upp á ýmsum leiðum til að kynna Strandabyggð sem búsetukost:

- Segja frá því góða sem er að gerast hjá okkur.
- Öflugt menningarlíf – kynna.
- Kynningarmyndbönd t.d. um skólann.

Vinna mætti markvisst í móttöku nýrra íbúa og þá nefnt:

- Erlendir nýbúar.
- Taka betur á móti – upplýsingar.
- Merkingar – kort.
- Stuðningsfjölskylda – mentor fyrir þá sem eru nýfluttir.
- Móttökupakki – gjafir til nýbúa.
- „Námskeið“ fyrir nýbúa.

„Breyta ímyndinni – frá skeggjaða karlinum.“

Hópurinn lagði áherslu á að stemning skipti máli og að í kynningar- og í markaðsmálum svæðisins almennt væri mikilvægt að byggja upp sterka ímynd og breyta henni „frá skeggjaða kallinum“, eins og það var orðað. Spyrja má hvort sú ímynd sé hluti af sérstöðu svæðisins sem tengist þjóðtrú, sbr. kafla 3.2.

Ekki var rætt sérstaklega um næstu skref.



7.3. Samfélagssetur

Rætt var um hugmyndina „Samfélagssetur, menningarsetur, staður þar sem við komum saman í einingu“.

Auk þess að tala um samfélagssetur og menningarsetur, notaði hópurinn heitið „Strandasetur“. Slíkt setur myndi hafa fjölbreytt hlutverk og þjóna ýmsum ólíkum hópum. Þar gæti verið bókasafn, handverkshús og veitingar. Einnig viðburðasalur fyrir mismunandi viðburði, t.d.

- Listsýningar.
- Tónleikar.
- Kvöldvökur í ýmsum útfærslum.

„Samfélagssetur; staður þar sem við komum saman í einingu.“

Þarna mætti vera „fundaherbergi“ fyrir hópa, t.d. bókaumræður, spilaklúbba og aðra klúbba.

Slík aðstaða myndi líka nýtast fyrir námskeið og fyrirlestra og var sagt: „Ekki síst ýmisskonar námskeið eða örnámskeið sem heimamenn halda fyrir aðra heimamenn“.

Ekki væri þörf á að ráðast í nýbyggingu, að mati hópsins, heldur gæti Félagsheimili Hólmavíkur nýst í megnið af því sem rætt var um. Ef hins vegar gengi mjög vel með starfsemina væri hægt að gera breytingartillögu um stækkun þess. Bent var á að hægt væri að nota ýmis rými í Félagsheimilinu eins og til dæmis kjallarann en einnig reyndar önnur rými í samfélaginu, til dæmis barnabókasafnið fyrir bóka klúbba og kirkjuna fyrir ákveðin námskeið.

Næstu skref:

- Skipulag gæti mögulega fallið undir það starf sem nú heitir Tómsfundafulltrúi.
- Við getum byrjað með ýmislegt án þess að þurfa að ráðast í byggingarframkvæmdir:
 - Til dæmis bóka kaffi í grunnskólanum.
 - Ýmsa klúbbahittinga til dæmis á Restaurant Galdri eða á Gistiheimilinu.
 - Litla tónlistarviðburði er hægt að halda í ýmsum rýmum – Félagsheimilinu, Bragganum, kirkjunni, Restaurant Galdri, á svölunum á Gistiheimilinu, Café Riis.



7.4. Menntamál

Menntamál voru rædd í einum hópi, eða „Framtíð menntamála í Strandabyggð“. Hópurinn nálgast viðfangsefnið út frá víðu sjónarhorni, allt frá því starfi sem þegar er til staðar, í leik- og grunnskóla og félagsmiðstöð, yfir í nýjar hugmyndir t.d. um iðnnám og lýðskóla.

Hópurinn lagði áherslu á að menntamál og góðir skólar eru lykillinn þegar kemur að búsetuvali fólks með börn. Út frá því var spurt: „Hvar er best að ala upp börn?“. Fram kom ánægja með skólana í Strandabyggð og sérstaklega minnst á frábæra þjónustu við börn með sérþarfir og sagt: „Hér býr fólk vegna barna með sérþarfir“.

Varðandi innra starf sé mikilvægt að vinna gegn kulnun starfsfólks:

- Pepp.
- Móralskt.
- Menntun á launum – vinna minni % og vera áfram á 100% launum.

Spurt var hvort virðing fyrir kennarastarfi sé kynjaspursmál.

Almennt megi tala meira um það sem vel er gert, en lagt var til að fjárfesta sérstaklega í umræðu og kynningu. Hvatt var til þess að efla, eða endurvekja félagslega þáttinn og rætt um félagsmiðstöð og ungmennahús í því sambandi.

Greind voru ýmis sóknarfæri, svo sem:

- Að selja kennslu – kennsla í gegnum netið.
- Dreifnámið.¹⁰
- Námskeið fyrir yngri gestanemendur.
- Efla og/eða endurvekja áhuga á iðnnámi
 - Iðnkynningar.
 - Samvinna við atvinnulíf á svæðinu.
- Lýðskóli í Strandabyggð, tengt kyrrðarkrafti (sbr. kafli 6.1).

*„Menntamál eru lykillinn að búsetuvali.
Hvar er best að ala upp börn?“*



¹⁰ Boðið er upp á dreifnám á framhaldsskólastigi í samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Rætt var um hvort hægt væri að fara af stað með skólaskip, en fram kom að það hefði verið reynt í Reykjavík, en ekki gengið upp vegna trygginga.

Þátttakendur veltu fyrir sér mögulegu framboði á námskeiðum og þar var komið inn á:

- Að greina hvað þarf.
- Fræðslumiðstöð.
- Sérhönnuð heimanámskeið – styttri námskeið.
- Samvinna með eldri borgurum – börn kenna eldri/eldri kenna yngri.

Loks var rætt um nám á háskólastigi, sem gæti verið yfir afmarkaðan tíma, í samstarfi við aðra. Boðið væri upp á sömu kennslu allar annir og nemendur kæmu til dvalar. Þetta væri eitthvað sem ekki væri hægt í fjarnámi. Stungið var upp á námi í sviðslistum. Þetta myndi skila fólksveltu á svæðið, sem væri jákvætt.

Sagt var, varðandi það hvernig menntamál fléttast inn í allt annað: „Ekkert þrífst í tómarúmi – eitt styður annað“.

Næstu skref:

- Kynna svæðið með áhugaverðum myndböndum.
- Fjárfesta í umræðu og kynningu.



8. Hvað við störfum – Atvinnumál

Komið var víða við í umræðu um atvinnumál á þinginu og röðuðust umræðuefnin þannig samkvæmt forgangsröðun viðstaddra:

- Efling fiskveiða.
- Ferðapjónusta (heilsutengd ferðapjónusta / endurhæfingarsetur, fékk þó talsvert meira vægi).
- Krabbaveiðar.
- Óstaðbundin störf.
- Fjölbreytni í atvinnulífi.
- Sveitamarkaður (sem upphaflega kallaðist beint frá býli + sláturhús).
- Landeldi – ekki sjókvíar.

Sjá forgangsröðun í kafla 2 hér á undan.

8.1. Fjölbreytni í atvinnulífi

Rætt var um fjölbreytni í atvinnulífi, í hópi, sem velti fyrir sér ýmsum atvinnutækifærum og hvað þarf til að nýta þau.

Margvísleg tækifæri felast í óstaðbundnum störfum en einnig í sjávarútvegi og fiskvinnslu, fiskeldi, ferðapjónustu, hvalaskoðun, iðnaði og landbúnaði.

Fyrst þarf að huga að grunninnviðum, umhverfi, húsnæði, samgöngum og fjarskiptum.

Þá þarf að skapa grundvöll fyrir framboð skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis, t.d. með fjarvinnusetri, nýsköpunarmiðstöð, þekkingar-/tæknigarði/iðngarði og fjarnámsaðstöðu. Þetta þarf að gera í samvinnu við sveitarfélagið, sögðu þátttakendur.

Þá var stungið upp á því að efla iðnnám á svæðinu.

Vísað var til samtaka atvinnurekenda í Kaldrananeshreppi, Reykhólahreppi, Árneshreppi og Strandabyggð, KRÁS. Stungið var upp á að þessi hagsmunasamtök myndu skrá atvinnuumhverfið, hvað er til staðar, hvað vantar og hvers vegna ætti að velja Strandabyggð.

„Skrá atvinnuumhverfið, hvað er til staðar, hvað vantar, hvers vegna Strandabyggð?“

Næstu skref:

- KRÁS – átta sig á umhverfi og umfangi atvinnulífs á svæðinu.
- Efla iðnnám.
- Kynna Strandabyggð sem kost fyrir fyrirtæki, iðnaðarmenn og frumkvöðla.
- Vinna með sveitarfélagi varðandi aðstöðu og umhverfi fyrir fjarvinnslu/ óstaðbundin störf.

8.2. Efling fiskveiða

Stungið var upp á umræðu um eflingu fiskveiða, en þegar það mál komst á dagskrá á síðari degi þingsins, var fáum til að dreifa, til að taka þátt í umræðunni. Þátttakendur leystu það með því að hafa símasamband við þann sem stungið hafði upp á efninu. Horft var á málið út frá sjónarmiði smábátáutgerðar og lögð áhersla á að efla hana, allt árið um kring, en ekki er annarri útgerð til að dreifa í Strandabyggð.

Fram kom ósk um aukna úthlutun kvóta og sagt: „Auka kvótaúthlutun stórkostlega í brothættum byggðum“. Þarna er vísað til aflamarks sem Byggðastofnun getur ráðstafað, en tekið skal fram að það er ótengt verkefninu „Brothættar byggðir“ og því þýðir þátttaka Strandabyggðar í því, ekki sjálfkrafa að þar verði aukið aflamark til úthlutunar.

Rætt var um að finna leiðir til að tryggja nýliðun með auknu aðgengi að kvóta „...því það eru sjómenn til staðar á jaðarsvæðum sem vilja veiða“. Þörf væri á svæðisbundinni kvótaúthlutun „...sem stórútgerðir geta ekki keypt upp“. Einnig var vísað til þess að það væri „...lykilatriði fyrir Strandabyggð að fá stærri úthlutun byggðakvóta og fá aðgengi að sértækum fiskikvóta t.d. vegna gríðarlegrar óvissu í rækjuiðnaði“.

Mikilvægt er að auka stöðugleika í smábátaveiðum, að mati þátttakenda og sagt: „Ekki ófyrirsjáanlegar skyndilokanir sem eru jafnvel ósanngjarnar svæðum“. Sagt var að ekki eigi að refsa ungum sjómönnum sem vilji stunda fiskveiðar þó að engin fiskvinnsla sé á svæðinu og bent á að sjómennskan sé mikilvæg, en lítil svæði ráði ekki við miklar fjárfestingar og tækniþróun sem krafist er í vinnslum.

Varðandi kvótasetningu fisktegunda, var hvatt til þess að þær byggi á raunverulegum rannsóknum:

- Til dæmis veiðist hér mikil ýsa, hlýri o.fl. sem enginn kvóti er til fyrir (breytingar í hafi).
- Aldrei refsa sjómönnum fyrir að koma með ranga tegund í land (minnkað brottkast).
- Grásleppan veiðist hér í miklu mæli, en áætlaður stofn virðist vanmetinn.

Komið var inn á endurskoðun á kvótasetningu makrils. Í Strandabyggð hafi verið fjárfest í búnaði, en kvótinn svo tekinn af. Endurskoða þyrfti forsendur á úthlutunum, sögðu þátttakendur.

Fram kom að stuðla þurfi að því að að kvóti haldist í byggðarlagi án þess að það bitni á þeim sem vilja hætta, t.d. sökum aldurs. Og bætt við: „Ekki bara selja hæstbjóðanda þannig að kvótinn glatist úr byggð“.

Stungið var upp á lægra skattþrepi fyrir þá sem vilja fjárfesta í brothættum byggðum eða vilja selja kvótann sinn til heimamanna eða til atvinnurekenda og starfsmanna og vísað til fyrirmyndar í norður Noregi.

„Mikilvægt er að auka stöðugleika í smábátaveiðum.“

Bent var á að opna þurfi svokölluð reglugerðarhólf sem beitt er í fiskveiðistjórnun. Sagt var „...endurskoða lokanir á þessum reglugerðarhólfum“ og að hólf lokist í mörg ár án þess að breytingar séu rannsakaðar. Loks var nefnt að meta þurfi skaða botnvörpuveiða á grunnslóð þar sem smábátasjómenn segi að það þurrki upp miðin.

Næstu skref:

- Að gera ofangreinda hagsmuni smábátasjómannanna sýnilega til að fá breiðan stuðning landsmanna (kjósenda).
- Finna leiðir til að stöðva einokun stórútgerða sem eru að þurrka upp smáþorpin.
- Finna leiðir til að efla smáútgerðir því þær eiga við ofurefli að etja.
- Nýta mátt brothættra byggða til að láta rödd okkar heyrast.

8.3. Krabbaveiðar

Stungið var upp á umræðu um veiðar á grjótkrabba (*Cancer irroratus*), sem hefur dreift sér hratt meðfram ströndum landsins, frá því hann fannst fyrst við Íslandsstrendur árið 2006. Fram kom að Náttúrustofa Suðvesturlands hafi verið að rannsaka grjótkrabba og veiða hann. Vitnað var til forstöðumanns náttúrustofunnar, Sindra Gíslasonar, sem hefur fylgst með útbreiðslu krabbans og skrifað um hann.¹¹

Upplýst var að enn sem komið er, séu fáir að veiða grjótkrabba, verð hafi verið lágt og það vanti úrvinnsluaðferðir. Sagt var frá því að veitingastaðurinn Vitinn í Sandgerði hafi verið með krabba á boðstólum.

Spurt var:

- Hvaða tækifæri eru í krabbaveiðum?
 - Sport fyrir einstaklinga í tengingu við sjósport.
 - Atvinnutækifæri fyrir sveitarfélagið.
 - Tengja veiðar við veitingastaði á svæðinu.
- Hér er líka vottað eldhús þar sem hægt væri að gera tilraunir með kraft/soð úr skel.

„Hvaða tækifæri eru í krabbaveiðum?“

Næstu skref:

- Tilraunir með krabbagildirur – hvað er mikið af grjótkrabba og hvar er hann?
- Ræða við kaupendur – veitingastaði á svæðinu.
 - Nýting krabba – kjöt, skel, soð.
- Kanna styrkjámöguleika, t.d. hjá AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi, eða sambærilegum sjóðum.

¹¹ Náttúrustofa Suðvesturlands: <http://www.natturustofa.is/grjotkrabbi.html>

8.4. Ferðapjónusta

Í hópi sem ræddi um ferðapjónustu var komið víða við. Hér var slegið saman umræðuefnunum „Fjölbreytni í ferðapjónustu og tækifæri henni tengd“, „Menningartengd ferðapjónusta“, „Strandabyggð sem áfangastaður, ekki stoppistaður á leið annað“, „Tónlistarhátíð og stúdíó í Braggabíói“, „Vetrarferðamennska“, „Skessu- og tröllapraut“ og „Hvalaskoðun í víðu samhengi“. Einnig er bent á skilaboð hóps sem ræddi um endurhæfingarsetur og heilsutengda ferðapjónustu, sjá kafla 6.1.

Byrjað var á að ræða um ímynd Stranda / Strandabyggðar, gagnvart ferðamönnum. Þar kom fram að almennt telji fólk vera stutt á Strandir og „miðsvæðis – stutt í allt“. Þar er m.a. vísað til staðsetningar á Vestfjarðakjálkanum, þar sem Hólmavík og Strandabyggð henta vel til fundahalda fyrir fjórðunginn. Hólmavík hefur þá ímynd, að mati þátttakenda, að vera „Festival bær“, þar sem alltaf er stuð.

Margt er nú þegar til staðar og tveir viðburðir voru sérstaklega skilgreindir sem tækifæri, Náttúrubarnahátíð og Strandaganga. Náttúrubarnahátíð er haldin á Sauðfjársetrinu í Sævangi, þar sem Náttúrubarnaskólinn er til húsa. Strandagangan er skíðaganga á vegum Skíðafélags Strandamanna og kom fram að hún sé „...komin á kortið“. Mörg af þeim tækifærum sem Strandabyggð hefur í ferðapjónustu eru á sviði menningartengdrar ferðapjónustu. Rætt var um vörubrún og/eða ný verkefni, sérstaklega til að auka framboð afþreyingar. Í því sambandi veltu þátttakendur fyrir sér samspilinu milli gistingar og afþreyingar og hvort komi á undan, hænan eða eggjó.

Þessi tækifæri rötuðu á blað hópsins:

- Útivist:
 - Sjósport.
 - Fjallahlaup.
- Matgæðingar – matarupplifun:
 - Sveitamarkaðir (heimaafurðir).
 - Rækjubær (réttir) samkeppni á hamingjudögum.

Einnig var nefnt að skipuleggja mætti námskeiðahald sem gæti dregið að gesti.

Varðandi hvalaskoðun, sem boðið er upp á frá Hólmavík, kom fram að í 98% tilvika þurfi aðeins að sigla um 10 mínútur til að sjá hvali. Þá sé minni hætta á sjóveiki, sem sé mikill kostur. Vaxandi áhugi sé á hvalarannsóknum og í því geti falist tækifæri. Hvatt var til þess að nota vistvæna báta til siglinganna og stungið upp á myllumerkjumum #Holmavik og #Strandir.



Pátttakendur sáu tækifæri í vetrarferðamennsku, sem sé góð leið til að „fjölga krónum í kassann“ hjá þjónustuaðilum. Stungið var upp á auknu samstarfi við Skíðafélag Strandamanna.

Hugmynd um Skessu- og tröllabraut byggir á því að búa til keppni um Strandir, þríbraut, eða jafnvel fimmþraut. Þetta skráði hópurinn niður: „...gönguskíði, hlaup, hjóla, kajak, sigling...“. Boðið væri upp á trúss fyrir keppendur. Stungið var upp á því að þrautin yrði hluti af Landvættum á vegum Ferðafélags Íslands.¹²

Sumar hugmyndir kalla á uppbyggingu innviða og nefnt var viðhald flugvallar og hjólastígar fyrir fjallahjólamennsku. Einnig að gera þurfi kort af gönguleiðum. Fram kom áhersla á að samgöngumál og vetrarþjónusta haldist í hendur, þannig að vegir séu opnaðir.

En þau eru ýmis skrefin frá hugmynd að framkvæmd og spurt var: „Hvað getum við gert með núverandi mannauð?“. Mikilvægt væri að sníða sér stakk eftir vexti. Þá þurfi að auðvelda eigendaskipti og það skipti máli að hafa aðgengi að (þolinmóðu) fjármagni fyrir uppbyggingu.

Rætt var um mögulega markhópa og markaðssetningu og m.a. spurt varðandi Vestfirði og Strandir, „hvar á að leita?“. Auka þurfi þekkingu á þjónustu á svæðinu og þar horft til nágrennabyggðarlaganna, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Árneshrepps, auk Strandabyggðar og nýstofnaðra hagsmunasamtaka atvinnurekenda á því svæði, sem kallast KRÁS.

Í þessum hópi voru líka ræddar hugmyndir um nýtingu á svonefndu Braggabíói, en í Bragganum á Hólmanvík er einstakur hljómburður. Stungið var upp á að halda tónlistarhátíð sem gæti verið blús-, reggie- og/eða rokkabillyhátíð, að vori og/eða hausti. Hátíðin gæti heitið Braggablús eða t.d. Rækjureggie. Eins mætti gera fleiri en eina hátíð úr þessum hugmyndum. Þá var vísað til hátíðar sem kallast Vetrarsól og haldin er í janúar, en Bragginn hefur lítið verið nýttur fyrir hana. Í stúdíói væri boðið upp á upptökur í miklum gæðum. Meðal annars mætti taka upp leiksýningar og einnig að gefa út lifandi efni. Spurt var hvort áhugi gæti verið á að stofna félag um að kaupa Braggann, en húsið er í einkaeigu.

Allt ætti þetta, að mati hópsins, að skila því að Strandabyggð verði áfangastaður en ekki aðeins stoppistöð fólks á leið annað.

Næstu skref:

- Gera viðburðadagatal.
- Ráða ferðamálafulltrúa (KRÁS).
- Draga fram segla, þróa og miðla.
- Finna efni sem þegar er til – uppfæra – klára. Dæmi um efni sem er til: Vetrarefni – jarðfræðimyndir, vetur, böð, skíði – baðferðaþjónusta.
- Nota netmiðla til að kveikja áhuga.
- Samgöngumál og vetrarþjónusta þurfa að haldast í hendur (opna vegi).
- Finna leiðir til að auka fjármagn til úthlutunar í verkefninu „Sterkar Strandir“.

¹²Ferðafélag Íslands: <https://www.fi.is/is/ferdir/ferdalysingar-serferda/fi-landvaettir>

8.5. Óstaðbundin störf

Einn hópur fjallaði um sóknarfæri tengd óstaðbundnum störfum. Vísað var til þess að í Covid-19 faraldrinum hefðu fjarfundir og heimavinna opnað augu margra fyrir nýjum möguleikum á þessu sviði. Þessar breyttu aðstæður hafi orðið kveikjan að nýrri forgangsröðun í lífinu hjá ýmsum. Þetta gæti Strandabyggð nýtt sér, sögðu þátttakendur. Helstu kostir Strandabyggðar eru návígi, tenging við íbúa og samfélagið. Svæðið sé þó afskekkt og þ.a.l. rólegt. Það er á Vestfjörðum, en án þessarar miklu fjarlægðar frá stóru kjörnunum, eins og það var orðað.

Fleiri kostir rötuðu á blað:

- Skattur.
- Fjölskyldur.
- Verslun.
- Þátttaka í tómstundum.
- Ódýrari rekstur.
- Margbreytileiki.

Það sem helst þarf að leysa, er skortur á húsnæði. Því lagði hópurinn til að skoða hvað væri hægt að gera strax, miðað við stöðu á húsnæðismarkaði í dag.

Þessar uppástungur komu fram varðandi húsnæðismál:

- Fá fjarbúana heim.
- Nýta frístundahúsnæði – tala við eigendur.
- Einbúar sem „gestgjafar“.
- Ef hægt væri að byggja íbúðir fyrir eldri borgara væri mögulega hægt að „fría“ húsnæðið sem eldra fólkið býr nú í.

Í því sambandi kom fram að reynslan frá Þingeyri sé sú að eldra fólkið vilji halda gamla húsnæðinu sínu fyrir til dæmis heimsóknir barnanna sinna. Því var spurt: „Er hægt að leysa húsnæðisvandann í samtali við eldri borgara?“.

Þátttakendur sáu þessi tækifæri:

- Samstarf við ferðaþjónustu.
- Stafrænir flakkarar.
- 10% starfa ríkisins eiga núna að vera óstaðbundin, þó ekki endilega úti á landi.

„Strandabyggð er afskekkt og rólegt samfélag en þó án þessarar miklu fjarlægðar frá stóru kjörnunum.“

Nokkrar hugmyndir komu fram um mögulega starfsemi, s.s. forritarar og tölvufólk, skóli í skýjunum, endurhæfing sem væri bæði á staðnum og fjarþjónusta og jógastöð á netinu.

Innviðir:

- Ljósleiðari í byggð.
- Raforka.
- Deiliskipulag – lóðir.

Staðsetning:

- Þróunarsetur.
- Dreifnámsaðstaðan, á efri hæð Sparisjóðsins.
- Gamli Arion.
- Sláturhús.

„Orðræðan gegn landsbyggðinni“ gæti verið hindun að mati hópsins, því það sé „...talin hálfgerð afplánun að vera úti á landi“. Kallað var eftir lánum til uppbyggingar í dreifðum byggðum. Þá var stungið upp á því að „...fá félagsmálaráðherra með“ og þar vísað til atvinnuleysistryggingasjóðs og nefnt að ráðherra er þingmaður kjördæmisins. Kynna mætti lóðir sem eru tilbúnar til úthlutunar og e.t.v. hækka fasteignagjöld þar sem enginn á lögheimili, sögðu þátttakendur. Og kannski „ættleiða einhvern auðmann!“, eins og það var orðað.

Eitt af markmiðunum væri að fá unga fólkið aftur heim og spurt í því sambandi: „Hvar er best fyrir börnin mín að vera?“.

Ekki voru skilgreind næstu skref, sérstaklega.

8.6. Sveitamarkaður

Stungið var upp á tveimur umræðuefnum varðandi nýsköpun í landbúnaði. Annars vegar að rætt yrði um „Sláturhús Vestfjarða á Ströndum“ og hins vegar „Beint frá býli; sameiginleg sýn bænda, framkvæmd og útfærsla slíks verkefnis“. Þessum málefnum var slegið saman og hópurinn sem þau ræddi, ákvað að einbeita sér að einu viðfangsefni, sveitamarkaði.

„Uppskeruhátíð haldin að hausti, mætti tengja við heilsutengda ferðaþjónustu og Strandakunst.“

Markaðurinn yrði settur upp til að selja margvíslegar afurðir, svo sem kjöt, ull, egg, fisk, handverk, jurtir, dún, ber og kryddjurtir. Nefnt var að ef til vill gæti Strandakunst verið samstarfsaðili, sem er Félag handverksfólks á Ströndum en það stendur fyrir markaði á sumrin og fyrir jólin. Staðsetning gæti t.d. verið Sævangur, sögðu þátttakendur.

Þá kom fram hugmynd um að halda uppskeruhátíð að hausti sem tengja mætti við heilsutengda ferðaþjónustu og Strandakunst.

Næstu skref:

- Að hafa samband við heilbrigðiseftirlit til að fá upplýsingar varðandi leyfi fyrir markað.
 - (Anton Helgason frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða).

8.7. Landeldi – ekki sjókvíar

Hópur sem ræddi um fiskeldi í Strandabyggð, lagði mikla áherslu á að ekki yrði um sjókvíar að ræða, heldur landeldi, enda kom fram að eldi í opnum kvíum í Steingrímsfirði sé bannað. Hins vegar sé fiskeldi í opnum kvíum í Strandabyggð, í Djúpinu. Vísað var til fyrirtækisins Háafells, sem er með seiðaeldi á laxi og regnbogasilungi á Nauteyri. Nefnt var að sveitarfélagið hafi stutt þá uppbyggingu.

Hægt yrði að koma fyrir lokuðum kvíum í allri Strandabyggð, sagði hópurinn.

Stungið var upp á því að 15% af veltu eldisfyrirtækja færu til sveitarfélagsins, sem „samfélags framlag“.

„Horfa á verðmætaaukningu og virðisskapandi framleiðslu.“

Næstu skref:

- Rannsaka Steingrímsfjörð m.t.t. uppbyggingar á eldi í lokuðum kvíum.
 - Rannsóknir skulu gerðar af hlutlausum aðilum.
- Skoða möguleika á ræktun/eldi nýrra nytjastofna.
- Horfa á verðmætaaukningu og virðisskapandi framleiðslu.
- Vera opin fyrir erlendu samstarfi.



9. Hvað við þurfum – Innviðir og stjórnsýsla

Í þessum kafla er byggt á efni frá fjórum hópum, sem ræddu innviði og málefni sveitarfélagsins Strandabyggðar.

Einn hópur fjallaði um fjögur málefni, undir yfirskriftinni „Vegir, raforka og fjarskipti“, þ.e.: „Laga Innstrandaveg“, „Ófært um Þröskulda, fært um Strandir (Innstrandavegur) – nafngiftir Vegagerðarinnar“, „Djúpið er partur af Strandabyggð“ og „Öryggi í raforku og fjarskiptum“.

Annar hópur ræddi um tvö málefni: „Hvernig tökum við á aldurskiptingu og þróun aldurskiptingar í Strandabyggð?“ og „Húsnæðismál, bygging smábúða“.

Tveir hópar ræddu um málefni sveitarfélagsins. Í öðrum var fjallað um tvö málefni, sem talin eru nátengd. Annars vegar sameiningu Strandabyggðar við nágrannasveitarfélög og þar helst horft til Vestur-Húnavatnssýslu, Dalabyggðar, Reykhólahrepps, Kaldrananeshrepps og Árneshrepps og hins vegar um sameiginlega hitaveitu Reykhóla, Stranda og Búðardals. Umræðan í hópnum snerist þó að mestu um möguleika á hitaveituvæðingu Hólmavíkur.

Loks ræddi einn hópur um grundvallarspurningarnar: „Hefur Strandabyggð efni á að vera til? Kostum við of mikið?“

9.1. Vegir, raforka og fjarskipti

Hópurinn beindi því til Vegagerðarinnar að leggja þurfi áherslu á uppbyggingu Innstrandavegar. Þetta sé hluti Vestfjarðaleiðar og mikilvægt öryggismál, m.a. vegna þess að skólaakstur er um veginn. Bæta þurfi vegrið og tvöfalda einbreiðar brýr. Fram kom að beina ætti vegfarendum á Innstrandaveg þegar ófært er um Þröskulda og þá auka mokstur og þjónustu.

„Þegar ófært er um Þröskulda, verði bent á Innstrandaveg.“

Kallað var eftir uppbyggingu á vegi um Langadalströnd, enda sé Kaldalón ferðamannastaður og á íbúáþinginu komu fram ýmsar hugmyndir um Kaldalón sem áfangastað til framtíðar.

Bæta þarf GSM samband og háhraðatengingar 4G og helst að fá 5G samband, sögðu þátttakendur og kölluðu jafnframt eftir ljósleiðaravæðingu Hólmavíkur.

Loks voru stjórnvöld hvött til að jafna raforkukostnað milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Næstu skref:

- Fá talningar á Innstrandaveg.
- Ljósleiðarvæða GSM senda, þetta dreifinet til að loka dauðum blettum – mikið öryggisatriði t.d. vegna vetrarumferðar.
- Fá inn í verklag þegar ófært er um Þröskulda, verði bent á Innstrandaveg.
- Tenging Innstrandavegar og Vestfjarðavegar verði undirstrikuð.
- Þrýsta á ríkið um jöfnun raforkukostnaðar þéttbýlis og dreifbýli.

9.2. Aldursskipting og húsnæðismál

Hér veltu þátttakendur fyrir sér leiðum til að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn í Strandabyggð. Byrja mætti á því að bjóða ríkinu í samstarf um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar / hjúkrunarheimilis / heilsulindar, í landi sveitarfélagsins.

Tenging væri við góða heilbrigðisþjónustu, sem og aðra þjónustu. Í þessu fælist hreinlega viðskiptatækifæri fyrir Strandabyggð.

Bent var á að slík uppbygging myndi líka kalla á innviða-uppbyggingu af hálfu ríkisins, t.d. malbikun á flugvelli.

Fram kom að það vanti „einfalt“ húsnæði fyrir fólk sem vill eða þarf minna húsnæði, á bilinu 50-70m². Þetta geti verið aldraðir, ungt fólk eða farandverkafólk. Í þessu sambandi var rætt um landrými fyrir nýbyggingar. Sveitarfélagið eigi talsvert land, sem það þyrfti að skilgreina sem svæði sem gætu hentað í þjónustumiðstöð og smábúðir.

Spurt var um hver staðan sé á uppbyggingu gamla Kópnessbæjarins á Hólmavík.

„Byggja þjónustumiðstöð / hjúkrunarheimili í Strandabyggð.“

Næstu skref:

- Óska eftir viðræðum við félagsmálaráðuneytið um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar / hjúkrunarheimilis í Strandabyggð. Notað verkefnið „Brothættar byggðir“ sem opnun inn í stjórnkerfið.
- Skilgreina landsvæði í Strandabyggð sem gætu hentað í þetta verkefni.
- Setja verkefnið inn í aðalskipulagsgerð.
- Auka samstarf við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um byggingu fleiri minni, ódýrari húsa.



9.3. Sameining og samvinna hitaveitna og sveitarfélaga

Varðandi hitaveitu kom fram sú forsenda að ef komið yrði upp hitaveitu í Strandabyggð séu tæplega nógu margir íbúar í sveitarfélaginu til að standa undir „eigin“ hitaveitu. Þetta sé því miður staðan, þótt mjög margir kostir fylgi hitaveitum. Nágrannar ráði hins vegar allir yfir hitaveitum og því sé þetta stórt atriði í samvinnu og/eða sameiningu.

„Nágrannar ráða allir yfir hitaveitum og því er þetta stórt atriði í samvinnu eða sameiningu.“

Hópurinn taldi að hugsanlega gæti falist samlegð í því að Búðardalur, Vestur-Hún. og Reykhólar létu gera kostnaðar- og nytjagreiðingu á að einn aðili reki hitaveiturnar og æskilegt að Kaldrananeshreppur væri með.

Nefnt var hve samgöngur geti verið erfiðar á löngum leiðum. Árneshreppur sé þungt atriði ef gert sé ráð fyrir góðum samgöngum þangað. Ferja í stað vegalagningar milli Hólmavíkur og Norðurfjarðar á veturna og lengra á sumrin, gæti verið leið til lausnar, sögðu þátttakendur.

Næstu skref:

- Styrkja verkefni um slíka úttekt og bera saman einkaeignir og sameinaðan hitaveiturekstur, ýmist sem sjálfstæð eða sameiginleg eign sveitarfélaganna og hins vegar hitaveita í eigu RARIK, til dæmis.
- Lagt til að Strandamenn taki frumkvæði í því að sameina sveitarfélögin allt norður í Árneshrepp og láti kanna með ferjusamgöngur.



9.4. Hefur Strandabyggð efni á að vera til?

Þessari spurningu fylgdi önnur, „Kostum við of mikið?“.

Hópurinn spurði margra og mikilvægra spurninga um framtíð sveitarfélagsins og byggðarinnar, en hafði ekki endilega svör á reiðum höndum, enda stórt spurt.

1. Er framtíð? Fer fólk?
2. Gerir fólk of miklar kröfur um þjónustu, lífsgæði?

Fram komu vangaveltur um hvort liður eitt sé afleiðing af lið tvö, vegna þess að ekki sé hægt að verða við þessum kröfum. Kröfur fólks í nútímanum vaxi og aukist, á sama tíma og tekjur sveitarfélagsins dragist saman. Vegna stöðunnar þurfi að forgangsraða þjónustuliðum. Hins vegar séu margir málaflokkar þess eðlis að hagræðing sé ómöguleg, til dæmis félagsþjónusta.

Það er, að mati hópsins, lykilspurning hvort íbúar geti slegið af kröfum í erfiðu árferði. Einnig var því varpað fram hvort sameining við önnur sveitarfélög sé lausn, án þess að hópurinn tæki til þess afstöðu. Inn í þá spurningu kom umræða um verkefni ríkisins sem Byggðastofnun vinnur um skilgreiningu á grunnþjónustu.

„Það er lykilspurning hvort íbúar geti slegið af kröfum í erfiðu árferði.“

Næstu skref:

„Verkefnið Brothættar byggðir getur mætt þessari stöðu (sem langtíma verkefni) á þann hátt að skapa ný atvinnutækifæri, auka og efla núverandi fyrirtæki þannig að þau eflist, fjölgi störfum og skili þar með auknum tekjum til sveitarfélagsins. Þannig getur verkefnið unnið gegn þessari stöðu, en þetta er langtímalausn. Vandinn er hins vegar núna!“



10. Hvert við stefnum – Strandabyggð árið 2030

Á síðari degi íbúabingsins var haldið í ferðalag inn í framtíðina, þar sem þátttakendum var boðið að láta sig dreyma um stöðuna í Strandabyggð, eftir tíu ár.

„Blómleg byggð með búsetu og fjölbreyttum búskap og atvinnuháttum og fólk á ferli.“

Sýn allflestra er sú að árið 2030, hafi Strandabyggð náð vopnum sínum, líkt og heiti verkefnisins vísar til, „Sterkar Strandir“. En jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að fylgja málum eftir með markvissri innleiðingu og að ákvarðanir stjórnvalda, styðji við jaðarbyggðir.

Framtíðarsýnin grundvallast á sérstöðu Stranda og Strandamanna og þá helst vísað til náttúru, sögu, menningar og þjóðtrúar. Ef til vill endurspeglar framtíðarsýnin að einhverju leyti breytt gildismat, sem rekja má til þeirra óvissutíma sem kórónuveirufaraldurinn skapaði, jafnt hér á landi sem um allan heim. Sjálfbærni og að lifa á landsins gæðum var mörgum ofarlega í huga og Ströndum lýst sem stað „...fyrir rólynda unnendur náttúru og sögu.“ Vísað var í „kyrrðarkraftinn“ og svæði þar sem náttúra og fólk „...blómstra í harmoníu“.

Á „Sterkum Ströndum“, sagði einhver, ríkir raunverulegt frelsi til að huga að og vinna að verkefnum sem hver og einn brennur fyrir. Sköpunarkraftur sem mótar samfélag út frá þörfum og löngunum fólksins, grasrótahagkerfi og valdefling.

Með því að sækja fram og byggja á styrk náttúru, sögu og samfélags, „...er Strandabyggð komin á kortið norðan við Steingrímsfjarðarheiði“.

Myndin sem lýst er hér á eftir er samsett úr myndum allra viðstaddra og skal gerður sá fyrirvari, að einhver sjónarmið kunna að stangast á.

***Hólmavík hefur stækkað** og íbúum fjölgað, enda hefur framboð á íbúðarhúsnæði aukist, með nýbyggingum. Nýtt hverfi er risið við íþróttamiðstöðina og þar sá einn þátttakandi fyrir sér fimm fjögurra íbúða fjölbýli. Annar sá nýtt reisulegt hús við Galdrasafnið, tveggja hæða með risi, „ekki ólíkt Björgunarsveitarhúsinu“. Þangað væri bankinn kominn á neðri hæðina og íbúðir á efri hæð og í risinu. Eða að nýr þjónustukjarni er risinn með pósthúsi, bakaríi, banka og upplýsingamiðstöð. Einhver átti sér draum um að komin væri verslun frá Bónus eða Krónunni.*

Búið er að byggja nýjan skóla við félagsheimilið, fyrir alla aldurshópa. Ofan við kirkjuna og til vesturs frá skólanum er kominn veitingastaður með gott útsýni og nokkrar skrifstofur á efri hæðinni.

Rör nýrrar hitaveitu liggja inn í bæinn og þar eru heitir pottar og pallur framan við pósthúsið.

***Samfélagið einkennist af fjölbreytileika** og framsýni. Fólk er á öllum aldri og kemur frá ýmsum heimshornum. Vegna fjölgunar íbúa eru fleiri á ferli og samfélagið er líflegt. Strandabyggð er hvorutveggja í senn, fjölskylduvænt samfélag og heldri borgara paradís fyrir spræka eftirlaunþega. Hér er gott fólk og mannlíf, í samfélagi þar sem fólk styður hvert annað.*

*Hér blómstrar **menningar- og félagslíf og kröftugt tómstundastarf** fyrir alla. Bragginn er orðinn að menningarhúsi, rekið af menningarfélagi og búið er að koma upp samfélagsmiðstöð og „ég sé fólk í þorpi að spjalla á kaffihúsi“.*

Haldin er „Galdrahátíð í galdrabæ“ og Hörmungardagar eru stærsta vetrarhátíð Íslands.

Hér er mikið af börnum og fólk nýtur náttúrunnar og samverunnar, lifir, skapar og leikur sér.

Hver veit nema komnar séu húsaþyrpingar í hverjum firði.

„Hér er öflugt mannlíf og mikil gróska. Fólk brosir, heilsast með brosi og hneygir höfuð mót hvert öðru af virðingu fyrir „mönnum og málefnum“ hvers annars. Það hljóma fagrir tónar náttúru og manngerðrar tónlistar í samhljómi og fólk er alla jafna „NÓG“. Börnin taka okkur fagnandi þegar við lendum og fylgja okkur um í samfélaginu og segja okkur frá og sýna okkur nýjungar þær er byggðar hafa verið upp sl. 10 ár.“

Innviðir eru góðir. Vegurinn í Bitrufirði og að Hólmavík (Innstrandavegur) er fullbúinn vegur sem uppfyllir öryggisstaðla og Strandavegur er malbikaður. Komin er hitaveita, sem ásamt ljósleiðara hafa aukið lífsgæði íbúa til muna og skapað ný tækifæri til fjarvinnslu. Settar hafa verið upp vindmyllur í Kaldrananeshreppi. Veðurstöð er nú á Hólmavík og því er veðurbliðan í bænum orðin fræg. Samgöngukerfi og áherslur í samgöngum eru að breytast og Strandamenn búa sig undir framtíðina á því sviði, líkt og fleirum.

Grunnstofnanirnar í samfélaginu eru sterkar. Úrvals **skólastarf** gerir það að verkum að Strandabyggð er eftirsóttur búsetukostur fyrir barnafólk.

Umhverfi og ásynnd er til mikils sóma. „Ég sá fallega ósnortna fegurð, fjöll og firði, tæran sjó og fólk á göngu að skoða. Vestfirska náttúru og fegurð sem er ómengduð. Mikið sjávarlíf og gróður.“

Bærinn er litríkur, hreinn og fallegur, aðlaðandi sjávarþorp, með ríka sögu og menningu. Ásynnd bæjarins er til sóma, sem sést á fallegum malbikuðum götum, eða sumum hellulögðum, miklum gróðri, snyrtilegum gördum og vel hirtum húsum. Sjá má nokkur götulistaverk, e.t.v. um galdraöldina. „Ég sé skólahóp að vinna útilistaverk í Borgunum.“

Það er mikið líf á götunum, aðallega gangandi og hjólandi fólk, en áberandi lítil bílaumferð og þá mest rafbílur. Byggð hafa verið upp útileiksvæði, hverfishæsnakofi, samfélagsgrænmetisgarðar og smádýragarður í samfélagseign og börn eru víða að leik.

Land er gróíð, **umgengni er góð** um allt sveitarfélagið og skógarblettir vel sýnilegir. Búið er að taka til og öllum vélum og bílum er raðað skipulega. Gömlu gámarnir eru farnir og grasflöt og skrytnir steinar komnir í stað þeirra. Í logni á Steingrímsfirðinum stendur gufan frá Hólmadrangi beint upp í loftið.

Mengun og stóriðja er víðs fjarri og engar raflínur sjáanlegar, sem allar eru komnar í jörð. „Nálægðin við náttúruna í smáu og stóru er það sem skiptir máli, nú og þá.“

Búið er að stofna **þjóðgarð** Stranda, (eða e.t.v. svæðisgarð) og er Strandabyggð hlið að þessum eftirsóknarverðasta þjóð- / svæðis- garði á Íslandi. Kaldalón er hluti af stærri þjóðgarði, eða þjóðgarður eitt og sér. Þar eru göngustígar og umhverfisfræðsla. Landverðir fræða um náttúrufar og um Sigvalda Kaldalóns, Stein Steinarr og fleira. Þekking á náttúrufari er á hverju strái.

Hér býr hamingjusamt fólk sem lifir í **sátt við sjálft sig og umhverfið**, „náttúra og fólk að blómstra í harmoníu“.

„Bekkir og á öðrum þeirra situr gamall skipstjóri með hvítt skegg og horfir út á hafið og rifjar upp minningar sínar.“

Aðstæður og umhverfi í Strandabyggð, Þjóða íbúum og gestum upp á mikil lífsgæði – eða kannski mætti frekar tala um **gæðalíf**. **Útivist og náttúruskoðun** og áhersla á heilsu eru í hávegum höfð (svolítið norskt, eins og einhver setti innan sviga). Fólk nýtur fjölbreyttra gönguleiða nær allt árið og á veturnum taka gönguskíðaferðir við, m.a. á Ófeigsfjarðarheiði.

Fólk er gangandi, hjólandi, róandi og syngjandi, í jöklaferð, á veiðum, að tína matvæli í náttúru, að vera saman, brosa, koma og fara og njóta.

„Trölla- og skessuþraut“ dregur að sér þátttakendur frá öllum löndum, allt árið um kring. Sjósport er líka vinsælt, með kajaksiglingar í hverjum firði og selaskoðun og oft má sjá seglbáta úti fyrir ströndum.

Atvinnulíf er skemmtileg blanda af **hefðbundnum atvinnugreinum og nýsköpun**. Þekking íbúa og reynsla er nýtt í sambland við drifkraft utanaðkomandi frumkvöðla og sérfræðinga sem fá frítt aðsetur gegn því að vinna að samfélagslegum áskorunum með sveitarfélaginu og öðrum hagaðilum.

Strandamenn hafa nýtt möguleika á sviði **fjarvinnslu** til að sækja fram og atvinna og nám er stundað þar sem hver maður er.

Atvinnutækifærum í **skapandi greinum** hefur fjölgað, auk þess sem nýsköpun er einkenni á atvinnulífi almennt. Tekist hefur að nýta **sérstöðu** í náttúru og menningu til atvinnusköpunar. Matvælaframleiðsla hefur aukist og e.t.v. komið landeldi á fiski. Rannsóknasetur HÍ í Þjóðfræði er nú með átta fasta starfsmenn.

Ferðaþjónusta er í blóma og ánægðir ferðamenn njóta menningar, afþreyingar og náttúru á svæðinu. Hér er Þjóðtrúarsafn og ferðaslóðar um tröll og álfa. Galdrasafnið hefur stækkað.

Sannkölluð vetrarferðaparadís nær frá Selárdal í Bjarnarfjörð til norðurs og til Hólmavíkur í suðri. Byggt hefur verið hótél í Steingrímsfirði og nýstofnað hvalarannsóknasetur á Hólmavík dregur að. Fuglaskoðun og -ljósmyndun er vinsæl. Hér eru margir gestir og „fleiri að koma en fara“.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á **heilsutengda ferðaþjónustu** og byggð upp góð aðstaða til endurhæfingar. Strandabyggð er orðin sannkölluð „heilsuefningarmiðstöð fyrir útbrennda borgarbúa“.

Auðlindir hafsins eru nýttar af skynsemi og leitað nýrra tækifæra. Fjöldi af smábátum eru á sjó og við bryggju. Ungir heimamenn hafa eignast smábáta og hafa aðgang að sameiginlegri auðlind Þjóðarinnar. Mikið líf er við höfnina, sem hefur stækkað, enda bátum fjölgað. Bátar koma inn með fullar krabbagildir sem þeir selja á veitingastaðina í bænum og áfram til útlanda. Komið hefur verið upp sæbjúgnaeldi í firðinum og bætt hefur verið við frystiplássi í Hólmadrangi.

Mikil nýsköpun hefur átt sér stað í **landbúnaði**. Sauðfjárrækt gengur vel og „sauðfé var á beit í dölum og heima við“. Hugsanlega „rollur í lokuðum hólum“ eins og einhver sá.

Jarðir sem áður voru í eyði rækta rötargrænmeti. Einnig má sjá nýja akra þar sem ræktaðar eru nýjar tegundir plantna og í sveitum er farið að bera á aukinni skógrækt. „Ég sé matjurtagarða hjá húsum og stór engi með matjurtum hjá nýju kálbændunum.“ Reglulega er boðið upp á matarmarkað.

„Starfsemi sem við þekkjum ekki núna en krefst ekki ákveðinnar staðsetningar.“

Ef til vill hefur **sveitarfélagið Strandabyggð** stækkað með sameiningu.

En til að framtíðin í Strandabyggð verði björt þarf líka **stuðning stjórnvalda** og fram kom ósk um breytt viðhorf ríkisvaldsins til jaðarbyggða og þá vísað til skattaávilnana og fjármagns. Sagt var: „Ef stjórnvöld lyfta ekki litla fingri þá...fer allt til andskotans...og svæðið verður komið í eyði“.

Og í framhaldi af því: „Hvað sá ég? Landslag. Nokkuð óljóst mannlíf. Ég túlka það þannig að landið verður hér og við breytum engu þar um. En, við getum breytt samfélaginu og því sem hér er. Það krefst **markvissrar innleiðingar** aðgerða.“

„Sjórinn er spegilsléttur, bátarnir í höfninni. Gamalt og ungt fólk á gangi með litlu börnin sín og hundana.“

Að lokum er hér svo vísa sem einn þátttakandi varpaði fram sem sinni framtíðarsýn:

Haustkvöld við Steingrímsfjörð

Ljosið syndrar í lognkyrrum firði,
lífna á himni norðljósatjöld.

Það vildi ég gjarnan að ávallt hér yrði
yndisleg veröld, líkt og í kvöld.



11. Að lokum

Þátttakendur á íbúabínginu á Hólmavík, gáfu byggðaþróunarverkefninu nafnið „Sterkar Strandir“. Það vísar til þess að samfélagið í Strandabyggð, geti styrkt stöðu sína út frá sérstöðu svæðisins. Verkefnið þýðir að næstu fjögur árin eða lengur verður verður unnið markvisst að því að nýta sóknarfæri Strandabyggðar.

Á þinginu söfnuðu íbúar saman fjölbreyttum hugmyndum sínum, létu sig dreyma um framtíðina og skilgreindu aðgerðir og næstu skref. Líkt og í öðrum byggðarlögum, sem tekið hafa þátt í verkefninu „Brothættar byggðir“, verða skilaboð þingsins, ásamt stöðugreiningu, nýtt til að móta framtíðarsýn og verkefnisáætlun. Margir leggja hönd á plóg, Byggðastofnun, sveitarfélagið Strandabyggð, Vestfjarðastofa og síðast en ekki síst íbúar.

Þegar boðið er til samtals, eins og hér, felst í því ákveðið loforð um að það sem út úr því kemur, muni á einhvern hátt hafa áhrif á ákvarðanir. Í verkefnislýsingu er þetta loforð skilgreint þannig:

*„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.“*¹³

*Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“*¹³

Íbúabíngið var haldið í kjölfar fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins hér á landi, vorið 2020. Sú staðreynd hafði að einhverju leyti áhrif á umræður. Þar má nefna að þátttakendur töldu að aðdráttarafl svæða eins Strandabyggðar fari vaxandi, vegna nálægðar við náttúru, kyrrð og gott samfélag. Einnig að nú séu að skapast ný tækifæri á sviði fjarvinnslu.

Yfir vofir þó ákveðin óvissa, þar sem búist er við efnahagsþrengingum um allan heim í kjölfar faraldursins og Seðlabankinn hefur spáð 8% samdrætti landsframleiðslu í ár.¹⁴

Fámenn sveitarfélög eins og Strandabyggð, treysta mjög á framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en framlög sjóðsins hafa verið skert, sem kemur illa við fjárhag sveitarfélagsins.¹⁵

Framundan kunna því að vera krefjandi tímar fyrir samfélagið í Strandabyggð, líkt og annars staðar. Þá gæti skipt sköpum að halda áfram að byggja á þeim krafti og eldmóði, sem fram kom á íbúabínginu á Hólmavík. Þar mætti virkur og öflugur hópur sem vildi vinna vel fyrir samfélagið og taka höndum saman fyrir „Sterkar Strandir“.

¹³ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaetta-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf, bls. 8

¹⁴ <https://www.sedlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2020/07/01/Yfirlýsing-fjarmalastodugleikaneftdar-1.-juli-2020/>

¹⁵ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/06/24/Nyjar-og-endurskodadar-aetlanir-um-framlog-ur-Jofnunarsjodi-sveitarfelaga/>